

10. ÁRGANGUR  
MAÍ 1981 – 1. TÖLUBLAÐ



# BLAÐ MEINATAEKNA

# Anaerobic System




## Blood Cultures VACUTAINER® CULTURE TUBES

One in five positive bacteraemias is fatal and up to 13% of positive blood cultures can be attributed to anaerobes. Adequate patient care demands good technique, well selected procedures and avoidance of contamination.



## Growth/Incubation/Isolation GASPAK® ANAEROBIC SYSTEMS


For growth, most anaerobes need an oxygen-free atmosphere supplemented with CO<sub>2</sub>. When clinical specimens obtained avoiding contamination with normal flora, are immediately placed under anaerobic conditions and transported in an anaerobic container, the recovery of anaerobes with the Anaerobic Jar method is simpler in use, as effective but less expensive than other more complex methods.



## Culture Inoculation DEHYDRATED CULTURE MEDIA

Specially formulated, enriched and pre-reduced media are essential for the successful culture of anaerobes.

3



## Identification SENSI-DISC® SYSTEM MINITEK™ SYSTEM

Identification of more common anaerobes can often be made on the basis of a few observations such as colonial and cellular morphology, Gram reaction, susceptibility to certain antibiotics and biochemical characteristics.

Recent developments in miniaturised biochemical differentiation system for anaerobes can provide the busy routine diagnostic laboratory with a system combining fast results and economy of time and space, with an accuracy equivalent to conventional tube methods.

Umboðsmenn eftirfarandi fyrirtækja:

BECTON DICKINSON  
BBL  
CLAY ADAMS

SPECTRA  
FALCON  
SCHWARCH/MANN

ÍSLENZK  
AMERÍSKA HF.



Maí 1981 – 1. tölublað – 10. árgangur

## BLAÐ MEINATAEKNA

### Formáli:

Blaðið er seinna á ferðinni en ætlað var, svo ekki er úr vegi að nota tækifærð og óska lesendum gleðilegs sumars.

Auk fræðilegra greina er fjallað um þau mál er hæst bar á síðasta ári, menntunarmálin og 3. grein laga um meinatækna, sjá frá félagsfundi.


Pá er af veikum mætti reynt að fjalla um umhverfi og hollustuhætti á rannsóknastofum, en mikið skortir á, að meinatækna taki þau mál skynsamlegum tökum. Leitað var fanga í danska meinatæknablaðinu og tínt til eitt og annað, sem varðar líf okkar og heilsu.

Ritnefnd  
Meinatæknafélags Íslands  
Pósthólf 89, Reykjavík

EFNI:	Bls.
Stjórn og nefndir	2
Krabbameinsvaldar	3
Monitor	8
Einnota hanskar	9
Mótefnamælingar	11
Breytileiki á styrk efna	15
Meinatækna óskast	20
Sveppir	21
Áhugaverðar greinar	26
Blóðbankinn	29
Fréttir frá rannsókn.	31
Nefndastörf	38
Félagsfundurinn	40
Lög um meinatækna	42
Greinargerð formanns	43
Nýir fðagar	45
Norrænt þing 1981	47
NML-þing 1981	48
WHO	49

10. blað frá upphafi. Upplag: 600 einumök.  
Lausasöluverð: 20 kr.  
Áskriftarverð 1981 lyrir blað og hréttabréf: 20 kr.  
Setning, filmugerð og prentun:

Prensmiðja Árna Valdemarssonar hf.  
Bókbund: Bókbandsstolan Örkín hf.  
Útgelandi: Meinatæknafélag Íslands.  
Ritstjóri og ábni: Steinunn Oddsdóttir



Skrifstofa MTÍ, Grettisgötu 89, I. hæð.  
Reykjavík, Pósthólf 89.  
Sími 27970. Opin miðvikudaga kl. 4-6.

## Stjórn og nefndir okt. '80 – okt. '81

**Stjórn:**

	Vinnusími	Heimasími
Guðrún Árnad. formaður	29000-250	15914
Sigfús Karlss., varaform.	29000-250	43492
Anna Sigfúsd., gjaldkeri	29000-250	86099
Herdís Einarsd., fundarrit.	81200-214	40615
Pórdís Kristinsd., bréfrit.	29000-423	77047
Margrét Ágústsd., varam.	29000-390	17963
Stefana Gylfad., varam.	19600-60	54236

**Ritsjóri:**

Steinunn Oddsd.	29000-413	18559
-----------------	-----------	-------

**Ritnefnd:**

Eygló Bjarnard.	29000-424	22379
Ingibjörg Halldórsd.	81200-214	32207
Ragna Ágústsd.	29000-259	30466
Porbjörg Kjartansd.	19600-60	75757

**Fraðslunefnd:**

Aðalheiður Sigurðard.	29000-427	39277
Ásbjörg Eliassen	81200-214	51836
Edda Sóley Óskarsd.	19600-43	18396
Sif Jónasd.	29000-250	74568

**Kjaranefnd:**

Ásgeir Kristjánss.	93-2644	93-1341
Eygló Bjarnard.	29000-424	22379
Hjörðís Óskarsd.	19600-43	84539
Sigfús Karlss.	29000-250	43492
Vilborg Ólafsd.	81200-214	74528

Brynja Jóhannsdóttir, deildarstjóri meinatæknadeilda T.Í., er til viðtals í Tækniþóla Íslands, Höfðabakka 9, á manudögum kl. 9.30 - 10.30 og á fimmtudögum kl. 14-15. Sími: 84923.

**Menntunarnefnd:**

	Vinnusími	Heimasími
Bergljót Halldársd. form.	29000-427	14982
Ester K. Blöndal	29000-424	86346
Sigrún Rafnsd.	29000-575	21939
Halla Ásgeirs.	29000-561	71431
Gunnlaug Hjaltad.	81200-214	17197
Edda Sóley Óskarsd.	19600-43	18396
Arna Antonsd.	29000-427	15078
Sigrún Kristjánsd.	29000-250	19213
Stefana B. Gylfadóttir	19600-60	54236

**Skemmtinefnd:**

Kristín Ragnarsd.	19600-60	15715
Sigríður Helgad.	81200-214	38744
Sigurrós Jónasd.	29000-250	72917

**Fulltrúar í Samtökum heilbrigðisstéttá:**

Eygló Bjarnard.	29000-424	22379
Bjarnfríður Bjarnad.	11683	76653
Guðrún Árnad.	29000-250	15914
Ingibjörg Halldórsd.	81200-214	32207
Jóhanna K. Jónasd.	19600-60	24608

**Til vara:**

Hrafnhildur Helgad.	19600-43	41733
Kristín Bergsteinsd.	81200-214	75380
Steinunn Oddsd.	29000-413	18559


**Fulltrúar í deildarstjórn  
meinatæknadeilda T.Í.:**

Una Guðnad.	81200-214	13546
Ester K. Blöndal varam.	29000-424	86346

**Endurskoðendur:**

Árný Skúlad.	81200-214	53830
Sigrún Stefnasd.	81200-214	71089
Hrefna Kjartansd. varam.		66829

# Krabbameinsvaldar á rannsóknastofunni



**Fjöldamörg efni, sem valda krabbameini, eru notuð á rannsóknastofum og á það einnig við um rannsóknastofur, þar sem unnið er að greiningu krabbameins. Teygjanleg ákvæði, völd efna-iðnaðarins, íhaldsemi hinna háskólamenntuðu starfsmanna rannsóknastofanna og skortur á fræðslu veldur því, að þessu er erfitt að breyta. Hér verður fjallað um nokkur hættulegustu efnin.**

Hin kláru tengsl milli ákveðinna efna-sambanda (krabbasmeinsvalda) og tíðni ýmissa krabbameinssjúkdóma eru full sönnuð. Aukin heldur eru fjölmargir vísin-damenn þeirrar skoðunar að 80% allra krabbameinstiffella stafi af ytri áhrifum, það er með öðrum orðum umhverfið, sem veldur þeim.

Pess vegna er ástæða til að vekja athygli starfsfólks á rannsóknastofum á því, að miklar líkur eru á, að það komist í snertingu við fjölda efna á vinnustað sínum, sem sannað er að geta valdið krabbameini. Á rannsóknastofum spítalanna og raunar flestum öðrum rannsóknastofum, þar sem beitt er efnafræðilegum aðferðum, koma þessir krabbameinsvaldar við sögu.

Til marks um hættuna eru athuganir, sem gerðar hafa verið á banameinum efna-

fræðinga í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Á árunum frá 1948 - 1967 léust fleiri meðlimir American Chemical Society úr krabbameini en vænta mátti. Hvítblæði og briskirtiskrabbamein skáru sig úr um tíðni. Sænsk rannsókn á banameinum efna-fræðinga, sem útskrifuðust frá tveimur tækniháskólum milli 1930 og 1950 leiddi í ljós, að 34 höfðu láttist úr ýmsum krabbameinssjúkdómum, en að öðru jöfnu hefðu þeir átt að vera 20,8. Hér stungu hvítblæðistilsfellin í augu, en einnig léust fleiri úr krabbameini t.d. í nýrum og blöðru en eðli-legt gat talist.

Pess má geta, að lífræna leysiefnið benz-en er hvítblæðisvaldur. Einig geta ýmis efni þeirra á meðal benzidin og naftylamin valdið blöðrukrabba. Öll þessi efni hafa verið mikil notuð á efnafræðirannsóknastofum. Þá er algengt, að ýmis lífræn leysi-efni s.s. toluen, xylen og bensín séu menguð benzeni.

## Meðgöngutími

Meðgöngutími flestra krabbameina er 10 - 20 ár. M.ö.o. líður langur tími frá því að menn komast í snertingu við krabbameinsvald og þangað til sjúkdómsins verður vart.

Standist kenningin um, að orsaka krabbameins sé helst að leita í umhverfi manna, má ætla að niðurstöður fyrrnefndra rannsókna séu aðeins forsmekkurinn að því, sem koma skal. Efnaiðnaðurinn hefur verið í feykilegum vexti frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Á ári hverju hefur hann spýtt úr sér nýjum framleiðsluvörum í þúsundatali á markað, án þess að eiturefnafræðileg próf hafi frarið fram svo nokkrum nemi. Að minnsta kosti hafa þau ekki verið gerð á óyggjandi hátt.

## Krabbameinsvaldar

Grunur leikur á, að til séu í þúsundatali efnasambönd, sem valdið geta krabbameini. Og alltaf bætast ný við.

Á töflu 1 eru svonefndir „viðurkenndir“ krabbameinsvaldar, á töflu 2 eru efni, sem talin eru líklegir krabbameinsvaldar. Öll eru þau notuð á spítalarannsóknastofum í Danmörku.

## Aromatísk amin

Aromatísku aminin eru í hópi krabbameinsvalda. Öll eru þau gerð úr einum eða fleiri benzenhringjum, sem tengjast einum eða fleirum aminohópum, sjá töflu 3. Einfáldast þeirra að byggingu er anilin, en á bernskudögum efnaiðnaðarins var talið að það gæti valdið krabbameini. Menn eru ekki lengur þeirrar skoðunar. Líkur eru taldar á, að það hafi verið mengað öðrum aromatískum amiuum t.d. naftylaminum og að þau hafi valdið blöðrukrabba meini í verkamönnum við litarefnaiðnað þeirra tíma.

Öll aromatísk amin komast inn í líkamann, í meltingarvegi, lungum og í gegnum heilbrigtr hörund. Krabbamein af völdum

aromatískra amina byrja yfirleitt í blöðru. Naftylamin og benzidin eru sérstakrar athygli verð, sjá töflu 1.

4-Aminodisenyl (xenylamin)

Auramin (F)

Benzén („benzol“)

Benzidin

Kromater

1-Naftylamin (alfa-naftylamin)

2-Naftylamin (beta-naftylamin)

Tafla 1. Dæmi um „viðurkennda“ krabbameinsvalda, sem notaðir eru á spítalarannsóknastofum. F=litarefni.

Biebrich Scarlet (F)

3,3'-Diaminobenzidin

2,7-Diaminofluoren

o-Dianisidin

Difenylamin

Dioxan

Fast Green („FCF“) (F)

Fat Red 7B (F)

Fuksin basisk (F-er í karbolfuksin)

Hæmatoxylin (F)

Kloroform

Light Green (F)

4-Nitrodisenyl

Pararosanilin (F)

Ponceau 2R (F)

Rosanilin (F)

o-Tolidin

o-Toluidin

Tafla 2. Dæmi um efni, sem grunur leikur á að séu krabbameinsvaldar og notuð eru á spítalarannsóknastofum. F=litarefni.

## Naftylamin

1-naftylamin er m.a. notað á rannsóknastofum í sýklafræði til að kanna, hvort bacteríur geti reducerað nitrat í nitrít. Verði til nitrít myndar það rauðt litarefni með 1-naftylamini og sulfanilsýru. Langt er um liðið síðan fram komu aðrar aðferðir til þess arna.

2-naftylamin er trúlega illræmdasti krabbameinsvaldurinn meðal aromatísku aminanna, þó að þar með sé ekki endilega sagt, að það sé virkast í því efni. Margar litanir á vefjafræðirannsóknastofum eru gerðar með 1- og 2-naftylamini. Á litlum rannsóknastofum er leucyl-2-naftylamid einnig notað, en við einfalda hydrolysu losnar frá því 2-naftylamin!


## Benzidin

Benzidin hefur lengi verið notað til þess að sýna fram á blóð í saur. Í töflu 3 er minnst á

þrjú önnur benzidinsambönd og geta þau öll komið í stað benzidins við þessa rannsókn. Viða hefur nú gamla benzidinprófið verið lagt af og önnur efni svo sem o-tolidin komið í staðinn. Hinn heilsufarslegi ávinnungur af því er hæpinn, þar eð o-tolidin er talið engu minni krabbameinsvaldur en benzidin.

Ýmis benzidinefmasambönd eru einnig notuð við fjöldamörg peroxidasaefnahvörf. Þar er þeim öllum ofaukið, því hægt er að beita skaðminni efnunum í þeirra stað. Þegar sýna á fram á blóð í saur er t.d. mögulegt að nota gujak-harpix (kvoða úr gujak-trénu), en tetramethylbenzidin má nota við öll hin prófin. Talið er, að tetramethylbenzidin valdi ekki krabbameini né öðrum stökkbreytingum í frumum, m.ö.o að það sé ekki mutagent. En það er náttúrulega ekki óyggjandi.

Menn hafa lengi spreytt sig á því að finna



Tafla 3. Af öllum þessum efnunum eru það aðeins anilin og tetrametylbenzidin, sem ekki eru talin geta valdið krabbameini.

aðferðir, sem leyst geti benzidinprófið af hólmi. Meðal þeirra aðferða, sem komið hafa fram eru difenylamin- og ABTSprófin. ABTS stendur fyrir 2,2'-azino-di(3-ethylbenztiazolin-sulfonat). En á það má benda, að danska vinnueftirlitið telur difenylamin vera í hópi krabbameinsvalda.

## Strimlar og töflur

Prófunarstrimlar hafa náð mikilli útbreiðslu á sjúkrahúsum og víðar, þar sem

---

*Ames:*

Clinistix

Dextrostix (inniheldur líka 2,7-Diaminoflouren)

Galactostix

Hema-Combistix

Hemastix

Hematest (NB: töflur)

Labstix

Multistix

Neostix-3

Neostix-4

N-labstix

N-Multistix

*Behringswerke:*

Rapidgnost Glucose

*Boehringer Mannheim:*

Glukotest

Gluketur-Test

Redia-Test


*Lilly:*

Tes-tape

*Tafla 4. Allir strimlarnir á þessari töflu innihalda o-tolidin.*

gerðar eru skyndiathuganir á blóði og þvagi, jafnvel í heimahúsum. Margir þeirra innihalda krabbameinsvalda.

Í töflu 4 eru nokkur algeng strimilpróf og innihalda þau öll krabbameinsvaldinn o-tolidin. Í notkunarleiðbeiningum er aldrei á það minnst, að krabbameinsvaldur sé þar á ferð og þaðan af síður er á það bent, að o-tolidin, sem og önnur aromatísk amin kemst inn í líkamann um húðina.



*Skýringarmynd frá framleiðanda dextrostix*

Verði ekki komist hjá því að nota krabbameinsvald við rannsóknir á líkamsvökum, er hann óvíða betur geymdur en á strimli sé ítrустu varúðar gætt. Hinu er ekki að leyna, að varúðarráðstafanir geta reynst næsta tafamar, ef strimillinn er allur ataður krabbameinsvaldi. Pað á t.d. við um Test-Tape, en sá strimill er alþakinn o-tolidin, svo hann má hvergi snerta með berum höndum. Þó kastar fyrst tólfunum, þegar notkunarreglur mæla svo um, að strimill skuli borinn að blóðdropa við opið sár á húð sjúklings. Sú er raunin á um t.d. dextrostix, og eru aðfarirnar áréttuðar með skýringarmynd. Þess skal getið, að auk o-tolidins inniheldur dextrostix einnig krabbameinsvaldinn 2,7-diaminofluoren.

Krabbameinsvaldar á strimli eru kannski verjandi, en hið sama verður ekki

sagt um töfluaðferðina til skyndiákvörðunar á blóði í saur. Dæmi um það er Hematest frá bandaríksa fyrirtækinu Ames. Töflur þessar innihalda o-tolidin og þó að á glaslinu standi að ekki eigi að *taka þær inn* og að þær skuli tekna úr því með pinsettu, kemur hvergi fram í notkunarleiðbeiningunum, að ekki megi snerta þær. Þar stendur hins vegar skýrum stöfum: „*hendur, pípettur og svæði, þar sem prófin fara fram verða að vera hrein og á þeim má ekki vera vottur af blóði*“.

Hematest var fyrir löngu tekið af markaði í Englandi vegna krabbameinshættu! Við getum líka verið án þess.

## Litarefní

Varla er vinnandi vegur að fá yfirsýn yfir fjölda litarefna, sem eru í notkun á hinum ýmsu rannsóknastofum. Þessu veldur m.a. að eitt og sama efnasamband er oft fært á markað undir mörgum nöfnum. Fast Red BB, Fat Red 2B og Fat Red BB eru eitt og hið sama. Fat Red 7B er hins vegar allt annað efnasamband og er talið geta valdið krabbameini.

Auramin er krabbameinsvaldur (sjá töflu 1) og á töflu 2 getur að líta umtalsverðan fjölda litarefna, sem talin eru geta valdið krabbameini.

Mörg þeirra hafa verið í notkun í áratugi og eru því orðin býsna föst í sessi og eins hesur nokkuð skort að reynt hafi verið að finna litunaraðferðir, sem leyst geti þau af hómi. Uggur um að tiltæk ný litarefni reynist jafn varasöm, kann þar að ráða nokkru.

## Epoxy

EKKI þarf að fara í grafgötur um, að epoxyefnasambönd eru notuð á rannsóknastofum í vefsrafæði. Þau eru m.a. færð á

markað undir vörhueitunum Araldit og Epon, og notuð til að „steypa inn“ vefsýni fyrir rafeindasmásjá. Þau valda stökkbreyingum í frumum (eru mutagen), þess vegna er afar sennilegt, að þau séu krabbameinsvaldar.

*Pýtt úr Naturkampen nr. 14, 1979, mikil stytt.*

*Greinin heitir Skal der lig på bordet eftir  
Ole Banke, farmaceut.*

## Hvað er til ráða

Starfsfólk á rannsóknastofum kemst daglega í snertingu við efni, sem ýmist er vitað ellegar talið líklegt að valdi skaða á miðtaugakerfi, fósturskaða, breytingum á erfðaeiginleikum og/eða krabbameini. Full ástæða er því til að vera betur vakandi en hingað til og kynna sér þau efni, sem unnið er með.

Skápar með lofræstingu (stinksápar) þurfa að vera alls staðar, þar sem unnið er með lífræn leysiefni og þar sem óhollar lofttegundir eru á kreiki, annað er óverjandi.

Allar gerðir hanska hafa bæði kosti og galla eins og greinin um hanska ber með sér, þess vegna þarf að vanda val þeirra. Ef þess er ekki gætt eru þeir verri en engir.

Sé lituð til lengri tíma, þarf að vinna að því að taka upp skaðminni efni og aðferðir í stað þeirra skaðlegu, sem nú er notast við. Í sumum tilvikum er ekki við annan vanda að etja en sofandahátt og skort á vilja til breytinga. Í öðrum er illgerlegt að komast hjá notkun varasamra efna. Þegar sú er raunin, er brýnt að meinatæknar reyni að hafa áhrif í þá átt, að eiturefnum og eiturverkunum verði gerð betri skil í námi og á vinnustað. Þá er ekki úr vegi að kynna sér lög um

aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum frá 1980. Þar er m.a. kveðið á um öryggisnefndir á vinnustöðum og samstarf þeirra við Viðnueftirlit ríkisins. Meinataeknar gætu sem best haft visst frumkvæði um slíkt samstarf.


Þetta er ekkert einkamál okkar. Ræstingarfólk og margin starfsmenn sjúkrahúsanna geta orðið fyrir eiturverkunum af völdum rannsóknastofa. Sorpið og skolpið frá okkur getur reynst mörgum hættulegt t.d. þeim sem vinna að viðgerðum á skolplögnum og þ.u.l. Fólkvið, sem vinnur að framleiðslu eit urefnanna er líka í hættu. Aukin umræða um eiturverkanir og minnkandi eftirsprurn rannsóknastofa á eiturefnum, gæti dregið úr þessari hættu.

*St.O.*

## „Monitor“ fyrir lífræn leysiefni

Kominn er á markað „Organic Vapor Monitor“. Í honum er aktíft kol, sem safnar í sig gufum lífrænna leysiefna, sem leynst geta í andrúmsloftinu. Þau eru skoluð úr kolinu með brennisteinskolefni og greind gaskromatografískt.

Monitorinn má senda til Medicinsk Laboratorium í Kaupmannahöfn, en þar er mælt magn 30 algengra leysiefna (sjá lista). Óskir um greiningu á leysiefnum, sem ekki eru nefnd á listanum, má bera fram símlieiðis. Eyðublöð og monitora er hægt að panta frá M.L. í síma 01-14 65 70.



### Leysiefni

### Hættumörk\* mg/m³

Leysiefni	Hættumörk*
Acetone	1200
Acrylonitril	45
Amylacetat	540
Benzen	30
Benzylchlorid	5
Butan-2-on	440
Butylacetat	710
Carbontetrachlorid	65
Cellosolveacetat	540
Chlorbenzen	235
Chloroform	50
Cumen	250
Cyclohexanol	200
Cyclohexanon	200
1,4-Dioxan	90
Ethylacetat	1100
1,2-Ethylen dichlorid	80
Heptan	1600
Hexan	360
Isopropylacetat	840
Mesityloxid	100
Methyl-isobutyl-keton	210
Pentan	1500
Propylacetat	850
Styren	210
Tetrachlorethylen	200
Toluen	375
1,1,1-Trichlorethan	555
Trichlorethylen	160
m-Xylen	435

\*Listi yfir hættumörk frá danska Vinnu-eftirlitinu, 1978

# Hönskum er varlegt að treysta



Í Bandaríkjum hefur verið gerð rannsókn á því, hversu ýmis leysiefni smjúga í gegnum nokkrar algengar gerðir hanska (1) (2). Hluti úr hanska var strengdur á milli tveggja lítilla hólfa, annað þeirra var fyllt leysiefni en hitt vatni. Að liðinni ½ til 8 klst. voru tekin sýni og gerð á þeim gaskromatografsk próf. Langflestar gerðir hanska reyndust ónothæf hlíð gegn lífrænum leysi efnum. Í ljós kom að aðeins einn hansi veitti skjól gegn flestum leysiefnum, var sá gerður úr polyvinylalkoholi (PVA). En hann hleypti hins vegar greiðlega í gegn um sig bæði vatni og metanol. Því var öfugt farið með hanska úr polyvinylklóríði (PVC). Peir reyndust vera ónýt vörn gegn lífrænum leysi efnum, en voru á hinn böginn vatnsheldir. PVC-hanskar eru mikið notaðir á rannsóknastofum, en óráðlegt er að nota þá til annars en að verjast vatni.

Bandaríkska vinnueftirlitið (NIOSH) (3) (4) hefur athugað, hversu ýmis krabba meinsvaldandi efni smjúga í gegnum einnota hanska. Meðal annars var benzen prófað. Ef að líkum lætur hegða toluen og xylen sér á svipaðan hátt (4), og hafa niðurstöðurnar því mikla þýðingu fyrir meina tækna á rannsóknastofum í vefsrafæði. Í þessari rannsókn reyndust PVA-hanskar vel, en betri voru hanskar úr butyl-gúmi og Viton (inniheldur fluorsambönd). PVA-hanskar og hanskar úr butyl-gúmi reyndust ekki halda vatni.

Dæmin um PVA- og PVC-hanskana sýna, að ekki dugir að hafa aðeins eina gerð af hönskum á rannsóknastofum. PVA-hanskar halda vel gegn lífrænum leysi efnum, en til að verjast vatnslausnum eru þeir til lítils eða einskis gagns. Þá er vert að hafa í huga, að efni geta smogið í gegnum hanska, án þess að notandinn verði þess nokkru sinni var. Ýmsar lofttegundir líða t.d. rakleiðis í gegn. Auk þess geta ýmsar efnablöndur hreinlega breytt gerð efnisins í hanskum.

Eins og er upplýsa hanskaframleiðendur aðeins, hvað hanskarnir alls ekki þola, en brýna nauðsyn ber til að þeir geri miklu ýtarlegri grein fyrir vöru sinni og birti niðurstöður rannsókna. Því að efnin, sem hanskarnir eru gerðir úr geta brugðist afar óvænt við sumum efnasamböndum. Að öllu óbreyttu verðum við að láta okkur nægja að gera samanburð á tiltækum upplýsingum annars vegar frá hanskaframleiðendum og hins vegar frá framleiðendum efnanna, sem við vinnnum með. Þá má hafa eftirfarandi í huga, þegar unnið er með einnota hanska:

- *Ef hansi sýnir merki um breytingar, á að fleygja honum.*
- *Óhreinkist hansi á að fleygja honum.*
- *Enginn hansi er 100% öruggur*

TABLE 1  
Extent of Solvent Penetration Through Glove Materials After 0,5 Hours

Solvent	Glove Material					
	Natural Rubber (0.4 mm)	Neoprene (0.4 mm)	Neoprene + Natural Rubber (0.5 mm)	Nitrile (0.4 mm)	PVC (0.2 mm)	PVA (0.4 mm)
Carbon Tetrachloride	D	D	D	A	D	A
Chloroform	D	D	D	D	D	A
Methylene Chloride	D	D	D	D	D	A
Methyl Iodide	D	D	D	D	D	A
1,1,2,2-Tetrachloroethane	D	D	D	C	D	A
1,1,2-Trichloroethane	D	D	D	D	D	A
Perchloroethylene	D	D	A	A	B	D
Methanol	A	A	A	A	B	C
Ethanol	A	A	A	A	B	B
2-Propanol	A	A	B	A	B	A
n-Butanol	A	A	D	C	D	A
Benzene	D	D	D	C	D	A
Toluene	D	D	C	D	D	A
Aniline	A	A	A	B	B	C
Phenol (10% Water)	B	A	B	A	D	A
Acetone	B	C	B	D	D	A
Methyl Ethyl Ketone	C	D	C	D	D	A
Tetrahydrofuran	D	D	D	D	D	A
Dimethyl Sulfoxide	A	A	A	A	B	D
Dimethyl Formamide	B	A	A	C	D	C
Pyridine	C	C	C	D	D	A
Dioxane	B	B	B	A	D	A
n-Hexane	C	A	C	A	D	A
Water (H <sub>2</sub> O)	A	A	A	A	A	D

Key A = <0.1%. B = 0.1-1%. C = 1-10%. D = >10%, see text.

Taflan sýnir niðurstöður tilrauna, þar sem athugað var, hvernig nokkrar gerðir hanska stæðust ýmis leysiefsni. Mælt var, hversu mikið leysiefni flæddi í gegnum hanska á ½ klst. A merkir < 0,1% flæði gegnum hanskann, B 0,1-1%, C 1-10% og D > 10%. Taflan er fengin úr heimild 2.

Pýtt og stytt úr Nyt for hospitalslaboranter nr. 3 og 18, 1980. Þýð. St. O.

#### Heimildir:

1. America Ind.Hyg.ass: 2/78, 169-174: The permeability of laboratory gloves to selected solvents.
2. Farmaceutisk Tidende: 47/79, 983-985: Stol ikke på handsker.
3. NIOSH: 106/79: Development of performance criteria for protective clothing used against carcinogenic liquids.
4. Information 23.11.79: Beskyttelseshandsker - ingen klare regler.



**Petta er einmitt það, sem mig hefur allt af dreymt um. Nýr óvenjulegur sjúkdómur, sem verður láttinn bera nafn mitt.**

# Mótefnamælingar í bandvefssjúkdómum

Ónæmisfræðin er meðal yngri greina læknisfræðinnar, en þó er ekki svo að skilja, að þekking á ónæmi sé nýtt fyrirbrigði. Jafnvel áður en vitað var, að sýklar yllu smiti, voru uppi kenningar um, að hæfileikinn til að ná bata væri samslunginn hæfileikanum að komast hjá endursmitun.

Nú á dögum eru bólusetningar snar þáttur fyrirbyggjandi aðgerða gegn ýmsum smitsjúkdómum. Þá er mótefnavaki, sem unninn er úr einum eða fleiri sýklum, gefinn sjúkling. Veldur hann virkri mótefnasvörum, sem ver siðan viðkomandi gegn sýkingum af völdum þessa ákveðna sýkils. Elstu dæmi um bólusetningar eru frá Kína á 11. öld. Þær var mulið hrúður af bólusóttar-útbrotum tekið í nesið og eru þetta fyrstu fyrirbyggjandi aðgerðir á svíði ónæmis, sem vitað er um. Síðar, í Mið-Austurlöndum, var farið að sprauta bóluefninu undir húð, en þær var tilgangurinn aðallega að halda segurð dætranna. Það var ekki fyrr en seint á 18. öld, að ungar læknastúdent, Edward Jenner að nafni, uppgötvaði að mjaltakonur, sem smitast höfðu af kúabólu voru ónæmar fyrir bólusóttarsmiti. Parna var grundvöllurinn lagður að nútíma ónæmisfræði.

Hlutverk ónæmiskerfisins er að halda


uppi: a) vörnum, gegn utanaðkomandi sýkningum, b) viðhaldi, með því að fjarlægja úr sér gengnar frumur og c) eftirliti, sem fölgjð er í því að leita uppi og eyðileggja „mutant“ frumur. Í raun eru þetta mörg kerfi, sem byggja á samspili, þar sem boð eru borin á milli. Hver hlekkur hesur ákveðnu hlutverki að gegna og því ríður á að ekkert fari úrskeiðis. Frumubundið ónæmi byggir á sérhæfðu næmi T eitilfruma. Stór þáttur í starfsemi þeirra er að sjá um eftirlit. Þegar þær koma í snertingu við framandi sýkil, bera þær boð um einkenni þessa nýja mótefnavaka til lymphkirtlanna, þar sem B eitilfrumur taka til við að framleiða sérhæfð mótefni gegn þeim. Þessi mótefni eru síðan til taks í plasma og sogæðakerfi líkamans, ef endursmitun á sér stað. Mótefnamyndun er þó ekki alltaf til varnar. Komið getur fyrir að kerfið leggist gegn sjálfsu sér, ef svo má að orði komast. Bilun í einhverjum hlekknum leiðir til, að B frumurnar taka til við að mynda mótefni gegn eigin frumuhlutum. Ekki er vitað hvað veldur, en talið að samspil ýmissa þátta geti verið að ræða. Þekktasta dæmið um slíka röskun er gigt (Rheumatoid Arthritis). Lið-eitilfrumur fara að framleiða IgG (ónæmisglóbulin), sem er líkamanum framandi og B frumur

svara með myndun mótefna gegn því, svo kólluðu anti-IgG mótefni. Þetta kemur af stað langri keðjuverkun, sem endar með bólgu og vefjaskemmdum í liðnum. EKKI verður sjallað nánar um gigt, en teknar fyrir nokkrar aðferðir til greiningar skyldra sjúkdóma, eða svonesndra bandvefssjúkdóma.

Pegar líkaminn framleiðir mótefni gegn eigin frumuhlutum, er það kallað sjálf-

ónæmi. Í bandvefssjúkdómum er algengt, að mótefnið beinist gegn frumukjarna. Þetta mótefni er anti-nuclear antibody (ANA). Mótefnið beinist ekki gegn kjarnanum sem einni heild, heldur getur verið um svörun að ræða hjá mismunandi kjarnahlutum. Pess mótefni geta verið af ónæmisglóbulin tegund IgG, IgM, eða IgA, þó svo það sé IgG, sem hefur mesta klíniska þýðingu. Hvert ónæmisglóbulin samanstendur af mótefnum gegn margvíslegum mótefnavökum. Pess vegna er ekki alltaf nægilegt að mæla heildarmagn glóbulinsins, því það segir ekki til um sérhæfni þess gagnvart einstökum mótefnavökum. Ein aðferð til að greina mótefni er með óbeinnni immunofluorescence aðferð. Aðferðin byggir á því, að mótefni er látið bindast mótefnavaka og sambandið gert sýnilegt með fluorescent bundnu anti-sera.

Í reynd er þetta gert á þann hátt, að mótefnavakinn er fenginn sem lifandi vefur. Það má nota því næst hvaða vef sem er, en þar sem mótefnasvörunin á sér stað yfir tegundabilið, er algengast að nota rottulifur og nýra. Vefurinn þarf að vera ferskur til að koma í veg fyrir autolysu. Hann er skorinn í hæfilega stóra bita og snöggr frystur í ísopentan-nítur krapa. Efstir frystingu má geyma hann við  $\div 70^{\circ}\text{C}$  og taka fram efstir þörfum. Flestir mótefnavkar varðveitast óbreyttir mánuðum saman við  $\div 70^{\circ}\text{C}$ . PEGAR þörf er á, má sneiða bitana í 4 – 6um þykkar sneiðar og er til þess notaður frystiskurðahnífur. Sera er lagt á sneiðina í hæfilegri þynningu. Sé mótefni fyrir hendi í seranu, getur binding átt sér stað. Sneiðin er síðan skoluð og fluorescent anti-sera lagt á. Efstir að anti-sera hefur verið skolað burt, er sneiðin gerð „klár“ með því, að dropi af Glycerol buffer er lagður á, þekjugler sett yfir og innSIGLAÐ með lakkí. Nú er sneiðin tilbúin til skoðunar í UV-smásjá.





Ragnhildur við Beta-teljarann, sem Gigtarflag Íslands lærði rannsóknastofunni í ónæmisfræði að gjöf.

ANA sést sem eplagrænn sjálflysandi hluti frumukjarnans. Það má greina ýmis munstur, eftir því hvaða kjarnahluti svarar, svo sem doppur eða flekki. Stundum er sem hula hvíli yfir kjarnanum og einnig má sjá, þar sem einungis nucleolur svara. Hvert munstur hesur ákveðna tíðni gagnvart hinum ýmsu bandvefssjúkdómum, en þar sem ekkert þeirra er einkennandi fyrir einn einstakan sjúkdóm, þykir vafasamt að láta getið um munsturgerð á svarséðlum.

ANA er mikið notað til útlokunar á systemic lupus erythematosus (SLE), því mjög sjaldgæft er, að sjúklingar hafi sjúkdóminn án jákvæðs ANA. Til frekari stuðnings má þó mæla mótefni gegn DNA (deoxyribonuclear acid). Aðrir sjúkdómar, þar sem algengt er að sjá jákvætt ANA eru: Sjögrens syndrome, scleroderma og mixed connective tissue disease (MCTD). ANA er ekki einungis bundið þessum bandvefs-

sjúkdómum, það er raunar mjög ósírtækt próf og er gjarnan jákvætt hjá gigtarsjúklungum svo og við ýmsa aðra króniska sjúkdóma. Einnig eru nokkur dæmi um ANA hjá heilbrigðu fólk. Ýmsir lifrarsjúkdómar sýna jákvætt ANA. Hæstu tilfellin má sjá í lupoid hepatitis, en titer  $> 1:2000$  má finna hjá sjúklingum með virkan króniskan hepatitis, þó er það ekki algild regla.

Samhlíða ANA er algengt að mæla ENA (extractable nuclear antibody). Þetta er frekari greining á mótefnum gegn kjarnahlutum. Til þessara mælinga er notaður rafdráttur, svonefnd andstreymis tækní. Mótefnavakinn er að þessu sinni fenginn úr hóstakirtli ungra kanína. Þetta má fá sem acetón þurrkað duft og extractera mótefnavakann í bufferað saltvatn. Extractinum er stillt upp andstætt sera, í þar til gerðum brunnum á agarose plötum, og rafdreginn tilskilinn tíma. Ef mótefni er til

staðar myndast útfellingarlína, þar sem það mætir mótefnavakanum. Magn má mæla með titeringu í tvöföldum þynnингum að endapunkti. Til að greina milli mismunandi mótefna má rafdraga sera gegn ENA, sem meðhöndlað hefur verið með ribonuclease (RNase). Ef útfellingarlínan hverfur, er mótefnið næmt fyrir RNasanum og er þar af leiðandi ribonuclear protein (RNP), en RNase klífur RNP. Ef línan heldur sér, eru möguleikarnir fleiri. Útfellingin getur verið SM eða B mótefni eða jafnvæl eitthvað enn nú ónafrgreint mótefni. Tilgangur með ENA mælingum er að greina milli bandvefssjúkdóma. MCTD er sjúkdómur sem tekur í mörgum tilfellum með sér einkenni lík SLE, gigt og scleroderma. Pessi sjúkdómur telst ekki eins illvígur og SLE, því getur verið gott að greina þá að. ENA í MCTD er af RNP gerð og einkennist af háum titer ( $> 1:64$ ). SM mótefni hefur ekki sést hjá öðrum en SLE sjúklingum. Aftur á móti eru margir SLE sjúklingar með ENA af RNP eða B mótefnagerð. B mótefni sést og hjá sjúklingum með Sjögrens syndrome og scleroderma. Greina má milli SM og B mótefna með Ouchterlony aðferð, en þar sem erfðlega gengur að aðla nægilegs magns SM anti-sera, er ekki alltaf auðvelt að skera þar úr um.

Priðji flokkur mótefna, sem mæla má til greiningar á bandvefssjúkdómum er anti-DNA. Þar er um 3 mismunandi mótefni að ræða, en aðeins eitt þeirra hefur klíniskt gildi til greiningar á SLE. Þetta mótefni er anti-double stranded-DNA (anti-ds-DNA) og er mjög einkennandi fyrir sjúkdóminn. Mótefnið er IgG og mæling er gerð með radioimmunoassay, með Farr aðferð, sem byggir á mótefnavaka bindigetu. Nota má ísótópana  $^{125}\text{I}$  eða  $^{14}\text{C}$  til að merkja mótefnavakann. Framgangur prófsins er sá, að

mótefni (sera) er blandað hinum merkta mótefnavaka og inkuberað við  $37^\circ\text{C}$ , binding á sér stað og sambandið er fellt út með Ammonium Sulfate. Eftir það má ýmist mæla geislavirkni botnfalla og bera saman við þekkt gildi eða mæla geislavirkjt hlutfall botnfalla og flots. Heilbrigtr fólk bindur að jafnaði ekki meira en 15-20% hins merkta DNA, þó fer það nokkuð eftir aðferðum. Nokkur hópur sjúklinga (aðallega RA sjúkl.) bindur ívíð meira en normalt er talið og er því ráðlegt að reikna með vafasömu bili milli eðlilegrar og hækkaðrar útkomu. Einungis SLE sjúklingar binda  $> 25\text{-}30\%$  hins merkta DNA. Binding fylgir nokkuð vel eftir virkni sjúkdómsins og má styðjast við hana í meðferð sjúklings.

Tilvist mótefna gegn ds-DNA og lækkun serum komplimenta eru hinn almenni mælikvarði, sem virkni SLE er miðuð við, og greinir hann frá öðrum lupus tilbrigðum. Ekki er vitað hvort eigin eða veiru DNA er ónæmisvakinn, en margt bendir til, að veirusýking geti verið frumorsök með samspili annarra þátta. Einkenni og vefsaskaði staða af circulerandi DNA-anti-DNA mótefnafléttum, sem binda kompliment. Flétturnar setjast að í háræðum húðar, slímhúð, liðum og nýrna glomerulum. Komplimentið orsakar frumurof og veldur þannig skaða, en binding þess er háð tilvist ónæmisfléttunnar. Ónæmisbælandi lyf eru því notuð til að koma í veg fyrir fléttumyndun.

Fleiri mótefni má sjá í hinum ýmsu bandvefssjúkdómum, en nærvera þeirra er ekki eins aferandi fyrir greiningu sjúkdómannna og þau próf, sem getið er hér að framan. Öll þessi próf, að undanskildum komplimentum, eru gerð á Rannsóknastofu Háskólags v/Barónsstíg. Serum er notað og nægir 1 - 1  $\frac{1}{2}$  ml fyrir öll prófin.

# „Eðlilegur“ breytileiki á styrk efna í líkamsvökum

Fjölmargar orsakir aðrar en sjúkdómar valda breytingum á styrk efna í líkamsvökum. Hægt er að flokka þær í langvinnar, í öðru lagi í skammvinnar og í þriðja lagi í in vitro orsakir. Þær síðast nefndu valda breytingum á styrk efna eftir að sýni hesur verið tekið.

svipaður og hjá fullorðnum.

Við fæðingu er styrkurinn af T4 í blóði barnsins aðeins lægri en móðurinnar. Skömmu eftir fæðingu eykst myndun af TSH hjá barninu allverulega og styrkur af T4 eykst enn frekar. Við 1 árs aldurinn er styrkurinn oftast orðinn svipaður og hjá fullorðnum.

## LANGVINNAR ORSAKIR

### Aldur

Venjulega er gert ráð fyrir fjórum aldurskeiðum í þessu tilliti:

Nýburaskeið  
Barnæska  
Fullorðinsár  
Efri ár

### Nýburaskeið

Hér verður aðeins drepið á tvö atriði.

Styrkur immunoglobulins í plasma nýbura er mjög áþekkur styrk þeirra hjá móðurinni. Vegna þess að nýmyndun er mjög takmörkuð fyrstu mánuðina og niðurbrot þessara proteina á sér stað á nokkrum vikum eða mánuðum, lækkar styrkurinn og nær lágmarki við 3 - 6 mánaða aldur. Við u.p.b. 4 ára aldur er styrkurinn orðinn

### Barnæska

Styrkur á serum kreatinin eykst hægt frá fæðingu að gelgjuskeiði. Styrkurinn er í réttu hlutfalli við vöðvamassa. Nálega 2% af kreatini líkamans (kreatin er nær eingöngu í vöðvum) fer í myndun kreatinins á hverjum sólarhring. Enzymvirkni LDH, CPK, Alk. fosfatasa og gamma-GT er meiri hjá börnum en fullorðnum. Virkni LDH minnkar, að því er virðist jafnt og þétt öll æskuárin, en virkni CPK og gamma-GT minnkar mjög örт strax fyrsta árið.

Um Alk. fosfatasa þarf víst ekki að fjölyrða. Virkni þessa enzymes er verulega aukin allt vaxtarskeiðið.

T3-styrkurinn er yfirleitt hærri hjá börnum en fullorðnum.

### Fullorðinsár

EKKI er almennt um miklar breytingar að ræða á styrk efna á tímabilinu 14 - 15 ára að miðjum aldri.

Styrkur serum cholesterols hjá körlum eykst um u.p.b. 2 mg/100ml á ári að meðaltali á tímabilinu 20 ára til 50 - 60 ára. Hámarki er náð við þennan aldur. Aukningin virðist óháð þyngdaraukningunni, sem algeng er á þessum aldri. Hjá konum er styrkurinn af cholesterol hins vegar nokkuð stöðugur þar til tíðir hætta. Svipaðar breytingar verða á styrk triglycerida.

Pað er alþekkt að sykurþol skerðist með aldrinum, t.d. er hægt að ganga út frá því, að glukosastyrkur í serum 1 klst. eftir 50 g skammt af glukosu hækki um 8 - 10 mg/100 ml með hverjum áratug eftir 20 ára aldur.

Total protein og albumin lækka lítið eitt með aldrinum.

Eftir miðjan aldur eykst virkni alk.fosfatasa nokkuð hjá konum.

### *Efri ár*

TSH í plasma er að því er virðist óháð aldri, þegar komið er fram á fullorðinsá. Við-brögð við TRH-örvun eru hins vegar minni hjá gömlu fólk. Skýringin er líklega minnkuð hæfni heiladinguls til þess að mynda TSH.

Par sem hraði síunar í glomeruli minnkar með aldrinum, má gera ráð fyrir minnkandi kreatinin „clearance“.

Myndun T4 minnkar nokkuð á efri árum, en á móti kemur að niðurbrot verður samtímis hægara. Útkoman er því, að lítil breyting á sér stað á styrk þessa hormóns. T3-styrkurinn minnkar hins vegar með aldrinum og má gera ráð fyrir 25 - 40% minnkun eftir 50 ára aldurinn..

Ljóst er að styrkur af fríu testosteron í blöði karla minnkar verulega eftir 50 ára aldur. Hjá konum verður veruleg minnkun á styrk östrogena, sem byrjar nokkrum árum áður en tíðir hætta og minnkar enn frekar á aldrinum 50 - 60 ára.

### **Mismunur milli kynja**

Almennt er hægt að segja, að mismun á styrk efna milli kynja megi útskýra útfrá áhrifum kynhormóna og mismun á vöðvamassa. Pessi mismunur er mest áberandi á þriðja aldursskeiði þ.e. hjá ungu fólk. Virkni enzymanna alk.fosf., GPT og CPK í serum er meiri hjá körlum en konum.

Alþekktur er mismunur á styrk serum járns milli kynja. Hjá ungum konum er ferritin styrkurinn aðeins þriðjungur styrksins hjá körlum. Kreatinin, urea og þvagsýra mælist yfirleitt hærra hjá körlum, þar sem styrkur þessara efna er í réttu hlutfalli við vöðvamassa.

### **Áhrif umhverfis**

Sem dæmi má nefna að styrkur cholesterol er hærri hjá fólk, sem neytir kalkríks vatns, heldur en hjá þeim sem hafa „mjúkt“ neysluvatn. Vitað er, að blýstyrkurinn í serum er aukinn hjá fólk í stórborgum vegna þess blýmagns í andrúmslofti, sem fylgir mikilli bílaumferð.

### **Vaxtarlag, offita**

Styrkur cholesterol og triglycerida í serum er í nokkurn veginn réttu hlutfalli við fitumassann. T3 styrkurinn er einnig oft í réttu hlutfalli við ofneyslu matar. Hjá mjög seitu fólk er virkni enzymesins CPK aukin bæði hjá konum og körlum.

Hjá konum, sem þjást af offitu, er aukin virkni af alk. fosfatasa í serum.

### **Fasta, svelti**

Ef dregið er verulega úr neyslu matar, hefur það í för með sér margvislegar lífsefnarfræði-

legar breytingar. Hér er oft um að ræða takmörkun á flest öllum næringarefnum. Frá upphafi föstunnar bregst líkaminn þannig við, að gengið er á orkúrikar glykogenbirgðirnar og síðan á fituma, sem er aðalorkulindin hjá flestum. Í upphafi leitast líkaminn við að halda uppi glukosuframleiðslu, þannig að glukosustyrkurinn haldist jafn. Þrátt fyrir þetta minnkar hann nokkuð.

Insulinstyrkurinn minnkar og jafnframt eykst styrkurinn af cyclisku AMP í situvef. Þetta hefur í för með sér aukna virkni lipolytiskra enzyma.

Bilirubinstyrkurinn eykst við föstu. Eftir 24 klst. er þessi aukning u.p.b. 30%. Eftir 48 klst. er algeng u.p.b. 100% aukning. Þetta hefur verið útskýrt þannig, að það sé minnkaður „clearance“ á bilirubini frá plasma.

Við föstu minnkar styrkurinn á plasma K<sup>+</sup>. Í upphafi eykst útskilnaður í þvagi mjög mikið, en síðar minnkar þessi útskilnaður niður í allt að 10 mEq/24 klst.

Styrkur vaxtarhormóns eykst á bilinu tvisvar til simmmtán sinnum. Hámaík næst á öðrum degi, en eðlilegt gildi næst oftast aftur á þriðja degi.

T3-styrkurinn lækkar verulega (allt að 50% á þremur dögum). Hins vegar verður yfirleitt ekki vart við breytingu á styrk af T4.

## Pungun

Pungun hefur í för með sér fjölmargar lífeftnafræðilegar breytingar. Í hendingu má nefna nokkur dæmi.

Styrkur af urea og kreatinin í serum minnkar. Urea og kreatinin „clearance“ eykst í allt að 200 ml/min. Styrkur af total T4 eykst og virkni alk.fosfatasa eykst verulega (allt að 4 x aukning).

## Starf

Styrkur þvagsýru í serum er oft tengdur almennri líkamlegrí áreynslu. Þannig er styrkurinn meiri hjá þeim, sem vinna erfisíðisvinnu heldur en kyrrsetufólk.

Það er augljóst mál, að fólk, sem vinnur á einhvern hátt með þungmálma t.d. blý, cadmium og kvikasilfur, hefur yfirleitt meiri styrk af þessum efnum í blóði en aðrir. Auðvitað getur svo fari að aukningin verði það mikil, að ástandið verði sjúklegt.

## Árstíðir

Par sem sólar nýtur mikið og fólk stundar sólböð, er vitað, að á sumrin breytist calcium-umbúskapurinn töluvert. Sólarljósíð hefur áhrif á 7-dehydroxycholecalciferol, þannig að úr verður cholecalciferol (Vitamín D3). Í lifur og síðan í nýrum ummyndast Vitamín D3 yfir í 1,25-dihydroxycholecalciferol, sem eykur upptökuhraða á calcium í meltingarvegi. Útkoman verður því aukinn styrkur í serum og samtímis aukinn útskilnaður í þvagi. Þvagútskilanður getur aukist um 30% frá því, sem algengast er á vetrum.

## SKAMMVINNAR ORSAKIR

Undir þennan til til falla orsakir, sem valda breytingum er vara skemur en 1 mánuð.

## Dægursveiflur


Styrkur fjölmargra efna breytist töluvert á hverjum sólarhring. Oft er um sveiflukenndan breytileika að ræða, aðrar orsakir eru svefn/vaka, máltíðir, hreyfing, erfiði og streita.

Sveiflukenndur breytileiki er oft töluverður eins og t.d. á serum járni. Hér getur

verið um allt að 50% mun að ræða á tíma-bilinu kl. 08 til 14 án þess að um verulegan styrksmun sé að ræða á því próteini, sem bindur járníð.

Sveiflukkenndur breytileiki er ekki mælanlegur á nýburaskeiði og er ekki orðinn sá sami og hjá fullorðnum fyrr en um 3ja ára aldur.

Mynd 1




Góð dæmi um sveiflukkenndan breytileika er cortisol-, vaxtarhormón- og prolactin-styrkur í serum.

Plasma renin er annað dæmi um sveiflukkenndan breytileika. Hámark mælist að morgni og lágmark síðdegis. TSH er á sama hátt í hámarki milli kl. 02 og 04 að nóttu og lágmarki milli kl. 18 og 20. Útskilnaður af vaxtarhormón er í hámarki stuttu eftir að einstaklingur sofnar.

Pegar fólk snýr sólarhringnum við, eins og það er stundum kallað, þá kemur strax fram hliðrun á vaxtarhormónsveiflunni þ.e. útskilnaður virðist tengdur svefni.

### Áhrif máltíðar

Oft er óhjákvæmilegt að taka blóð stuttu eftir máltíð. Það er því vert að gera sér grein fyrir því á hvaða niðurstöður máltíð getur haft áhrif og hversu mikil slík áhrif eru. Á mynd 2 eru tiltekin nokkur dæmi.



Mynd 2. Áhrif máltíðar á niðurstöður.

Aukinn sýruútskilnaður í maga eftir máltdið orsakar hækkun á pH bæði í blóði og þvagi. Pessi væga alkalosa framkallar einnig hækkun á pCO<sub>2</sub> í blóði.

### Áhrif kaffis

Caffein hefur töluverð áhrif á styrk ýmissa efna í blóði. 200 mg af caffein (samsvarar u.þ.b. 2 bollum) hefur veruleg áhrif á nýrnahettur þannig, að aukning verður á styrk af catecholaminum, sérstaklega á epinephrine. Cortisol í plasma hækkar einnig verulega. Eðlileg lækkun á tímabilinu kl. 08 til 15 verður ekki ef neytt er kaffis t.d. um hádegi. Aukinn útskilnaður á 5-HIAA sést einnig. Áhrif caffains á lipidbúskapinn eru mjög mikil. Aukning verður á styrk af fríum fitursýrum (FAA), allt að 30% eftir two bolla af kaffi. Caffein virkar, sem sterkur inhibitor fyrir fosfodiesterasa, sem klýfur c-AMP í fituvefnum. Aukinn styrkur af c-AMP veldur aukinni lipolysu eins og áður er nefnt. Það er fullsannað, að caffein eykur sýruútskilnað og pepsinlosun í maganum. Vitað er, að gastrinstyrkurinn í serum eykst tvisvar til fimm sinnum fljótlega eftir neyslu af 2 - 3 bollum af kaffi.

Flestir hafa sjálfsgagt tekið eftir því, að kaffi hefur diuretisk áhrif þannig að þvagrúmmálið eykst við kaffineysslu.

### Áhrif ýmiss konar ávaxta og grænmetis

Í avocado er talsvert magn af serotonin sömuleiðis í banönum, plómum og ananas, þannig að oft sést aukinn útskilnaður (allt af 5-földun) af 5-HIAA eftir neyslu þessara ávaxta.

Laukur hefur þau áhrif, að glukosustyrkur í plasma minnkar (innan 4 tíma frá neyslu). Ekki er vitað hvaða efni í lauknum veldur þessu.

## Reykingar

Áhrif nikotins á nýrnahettur eru velþekkt þ.e. útskilnaður af epinephrine eykst talsvert, áhrifin endurspeglast í glykogenolysu í lifur þannig að glukosustyrkur eykst 15 - 20% innan 10 mín. og helst uppi í allt að 1 klst.

Styrkurinn af vaxtarhormóni í serum eykst allt að 10 falt innan 30 mín.

Cortisolstyrkurinn eykst um 30 - 50% innan 15 mín. Útskilnaður á 5-HIAA er einnig talsvert meiri hjá reykingamönnum.

Nikotin hefur veruleg áhrif á sýrumyndun í maga. Aukning verður á magni magasafa og BAO (basal acid output) er hærra og í nánu samhengi við magn af tóbaki, sem reykt er daglega.

### Etanol

Glukosustyrkur eykst við neyslu etanol.

Breyting verður á tryptophanbúskap þannig að serotonin (5-hydroxytryptamin) framleiðslà minnkar.

Etanol veldur auknum styrk á FFA og triglyceridum í serum. Ekki þarf mikla neyslu til þess að gamma-GT virkni í serum aukist talsvert, þ.e. losun á microsomal-enzymum í lifur verður mjög fljótlega eftir neyslu ethanol.

## IN VITRO ÁHRIF

Ljóst er að meðferð sýnis eftir að það hefur verið tekið skiptir oft miklu máli. Ýmis enzym eins og t.d. CPK, alfa-HBDH, súr fosfatasi, LDH, GPT eru viðkvæm fyrir geymslu, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar.

Lipemia hefur áhrif á nær allar litarstyrksmælingar, sem eru mjög algengar. Hemolysa hefur sömuleiðis áhrif á margar

litarmagnsmælingar fyrir utan þá truslun sem verður, þegar innihald rauðra blóðkorna blandast seruminu/plasmanu.

## Niðurlag

Hér að framan hefur aðeins verið stiklað á stóru. Reynt hefur verið að beina athyglinni að þeirri staðreynd, að niðurstöður mælinga verður að meta með tilliti til sjölmargra áhrifavalda. Þetta gleymist því miður oft og getur valdið þeim, sem fjalla um niðurstöðurnar, tölverðum heilabrotum. Leiðir til þess að minnka líkur á mistúlkun niðurstaða er fyrst og fremst fræðsla og vonast er til þess að þetta stutta yfirlit verði til þess að vekja áhuga einhverra á frekari upplýsingaöflun um þessa hluti.

### Heimildir

1. Stanley S. Brown, Frederick L. Mitchell, Donald S. Young: Chemical Diagnosis of Disease; Elsevier, 1979
2. Abraham White, Philip Handler, Emil L. Smith: Principles of Biochemistry (fifth edt.); International Student Edition, 1973
3. H.W. Simpson: Essays in Medical Biochemistry; Vol 2, 1976, bls 115 - 181.



**Best væri ef þér gætuð verið í fersku lofti og haldið yður innan dyra í svo sem vikutíma.**

# Meinatæknar óskast ...

## Vífilsstaðaspítali

Meinatæknir óskast í afleysingar til 1. september. Hluti tímans mun verða hálfst starf og hluti fullt starf. Upplýsingar á rannsóknastofunni í síma 42800.

## Sjúkrahús Akraness

Meinatækni vantar nú þegar á Rannsóknastofu Sjúkrahúss Akraness. Upplýsingar veitir yfirmeynataknir í síma 93-2311

## Blóðbankinn v/Barónsstíg

Meinatækni vantar nú þegar í Blóðbankann í heilsdagsstarf. Upplýsingar veitir Ólafur Jensson yfirlæknir í síma 29000.

## Rannsóknadeild Landspítalans

Meinatæknar óskast á Rannsóknadeild Landspítalans sem fyrst, og til sumarafleysinga í 1-3 máán., fullt starf eða hluta starf. Upplýsingar veita deildarmeinatæknar í síma 29000.

## Rannsóknadeild Landakotsspítala

Meinatæknar óskast á Rannsóknadeild Landakotsspítala í fullt starf, hlutastarf og sumarafleysingar. Upplýsingar gefa yfirlæknir og deildarmeinatæknar í síma 19600.

# Greining á Gersveppum

## *Cryptococcus neoformans*

Tvær megin ástæður eru fyrir því að aukna áherslu þarf að leggja á svepparéktanir. Í fyrsta lagi eru samgöngur milli heimshluta orðnar það hraðar, að meiri hætta er á að fólk verði fyrir sýkingum af völdum sveppa, sem eru óalgengir eða ekki til í heimalandinu. Í öðru lagi er aukinn fjöldi sjúklinga, með skertar varnir af völdum ýmissa sjúkdóma og/eða lyfjmameðferðar, útsettur fyrir systematískar sýkingar af völdum sveppa.

### Greining

Útlit í smásjá er hvað þýðingarmest við greiningu á sveppum. Til nákvæmrar greiningar er nauðsynlegt að hvetja til sporamynndunar og er notað til þess sérstök æti eða vaxtarskilyrði. Einnig þarf að fylgjast með því, hvernig colonur þróast, skoða áferð á yfirborði þeirra, litinn, vaxtarhraða og myndun litarefnis á neðra borði.

Sveppir eru auðveldlega greindir í þrjá flokka eftir útliti. Þeir sveppir, sem eru einfruma og mynda ógagnsæjar kremaðar eða hvítar, deigkenindar coloniur eru kallaðir gersveppir. Þeir sem eru margfruma og mynda loðnar, flauelskenndar eða duftkenndar coloniur eru nefndir „mold“. Þriðji flokkurinn lítur út eins og gersveppir inkuberaðir við 37° en „mold“ við 25°. Þetta

fyrirbrigði er kallað dimorphism.

Í smásjá sjást gerfrumur sem einfrumu microorganismar. Þeir framleiða nýjar frumur með útvexti, (blastocondia) frá móðurfrumu. „Mold“ eru margfrumu microorganismar, sem tengdir eru saman og mynda langa þræði, sem kallaðir eru hyphae. Þegar hyphae fjölgar, verða þær samfléttar og mynda mycelium.

„True fungi“ (Eumycotina) eru þeir sveppir kallaðir, sem sjölgja sér bæði með kynæxlun og kynlausri æxlun. Kynæxlun verður við blöndun sérstakra fruma, sem kallaðar eru „gamets“ og af þessari blöndun leiðir myndun fruma, þar sem sporar eru myndaðir meiosiskt. Það vaxtarstig, sem verður við kynæxlun er kallað „perfect state“ og gefur grundvöll til skiptingar sveppa eftir því hvors eðlis það er. Þessir hópar eru Pycomycets, Ascomycets og Basidiomycets. Fjórði hópurinn Deuteromycets eða Fungi imperfecti var myndaður til að hýsa þær tegundir, þar sem „perfect state“ þekktist ekki. Kynlaus æxlun verður við myndun spora af einhverju tagi. Athugun á stærð, lögum og niðurröðun þessara spora í smásjá er þýðingarmest við greiningu sveppa.

Sporar, sem myndast beint frá sveppnum án afskipta sérstakra sporaberandi strúktúra, eru kallaðir thallosporar.

Arthrosporar eru myndaðir, þegar hyphae brotnar niður í einstakar frumur. Blastosporar eru myndaðir með útvexti (budding) eins og hjá gersveppum. Chlamydosporar, sem eru þykkveggjaðir dvalasporar, eru þýðingamikil tegund af thallosporum. Sporar, sem eru myndaðir á sérstökum hyphal greinum, eru kallaðir conidia og hver sveppategund hefur sína sérstöku tegund af þeim. Conidia eru kallaðir microconidia, ef þeir eru litlir og einfruma, en macroconidia, ef þeir eru stórir og fjölfiruma.

## Gersveppir

Gersveppir eru sveppir, sem eru einfrumungar, þegar þeir vaxa í logarithmfasa við normal skilyrði, hvað varðar hita, loftskipti, þrýsting og raka. Coloniurnar eru mattar, hvítar eða kremaðar og hafa ekki aerial hyphae. Þeir geta sumir myndað hyphae og pseudohyphae við minnkað súrfni.

Normal gerfruma er hnöttótt, ávöl eða ílöng 2,5 - 6 um. í þm. Þær fjölgja sér með útvexti (budding), skiptingu (fission) eða hvoru tveggja (bud-fission).

Blastosporar geta verið áfram tengdir móðurfrumunni og auk þess haldið áfram að fjlöga sér og myndað þannig hrúgur af blastosporum, sem tengdir eru hverjir öðrum. Einstaka blastosporar, sem þannig eru enn tengdir grönnum sínum, geta lengst og myndað þræði, sem kallaðir eru pseudohyphae. True hyphae verða til við skiptingu „transitional“ fruma (flattra blastospora eða chlamydospora). Eftir að ferð gerfruma við kynæxlun má skipta þeim í Ascomycets (Saccaromyces, Endomycopsis, Pichia og Nematospora), Heterobasidiomycets (Leucosporideum og Syringospora) og Deuteromycets eða Fungi

Imperfecti (Candida, Cryptococcus, Rhodotorula og Trichosporon).

## Greining gersveppa

### 1) Bein smásjárkoðun:

Að sveppir sjáist í normalt sterilum vökvum, hefur þegar í stað sértaka þýðingu. Grunur um að Cryptococcus neoformans sé í einhverju sýni er það einnig, því að hann er alls staða skaðlegur. En hins vegar getur t.d. Candida verið í þörmum og viðar hjá heilbrigðum einstaklingum.

Það, sem hafa þarf í huga við smásjárkoðun á sveppasýni er:

- Er sveppurinn kapsuleraður? Þá er litað með indian inki eða Nigrosini og koma þá kapsuleraðir sveppir fram sem ljósir deplar á dökkum grunni.
- Eru pseudohyphae til staðar?
- Myndar sveppurinn hyphae eða arthrospora?
- Hver er stærð og lögun sveppsins?
- Hver er fjöldi blastospora og hvernig eru þeir tengdir móðurfrumunni?

### 2) Ræktun

Aðalæti er saboroud æti án antibiotica. Önnur eru oft æti með antibiotica, þá helst sab m/chloramphenicol og cycloheximide og Litman oxgall agar m/streptomycin og gentian violet. Einnig er notað tveggja fasa æti, þegar ræktað er úr blóði og mænuvökva. Þá er í flösku 1 cm lag af agar og síðan 1 cm lag af sab broði. Broðið þynnir antibody og aðra vaxtarheftandi hvata, sem eru í blóðinu, þannig að vöxtur verður þar hraðari en ella. Coloniur myndast á agarlaginu og sjást þar fyrr en grugg í broðinu.

Mjög gott æti fyrir cryptococca er Litman's oxgall agar að viðbættu extrakti úr fræjum úr indverskum þistli Cuizotia abyssinica (fuglafræagar). Þá myndar Cryptococcus neoformans (ekki aðrir cryptococcar né aðrir gersveppir) dökkbrún pigment á 1 viku



Martha við sveparannsóknir.

við 30° inkubation. Þessi litareaction er vegna hvata enzymes, phenol oxidasa og veldur það myndun melanin líkra pigmenta. Reyndar myndar Cryptococcus neoformans ekki alltaf pigment og það útilokar því ekki, að um þann svepp sé að ræða, ef hann hefur aðra þá eiginleika, sem Cryptococcus neoformans hefur.

Chlorohexamide hindrar vöxt cryptococca.

Flestir pathogen gersveppir vaxa við 25° og 37° en mjög margir nonpathogen vaxa aðeins við 25°C.

### 3) Útlit á commeal agar:

Þá eru 3 samsíða skurðir skornir í corn-

meal agar með lykkju með sveppnum á. Síðan er brennt dekkglær lagt yfir og skálin inkuberuð við 30° í 28-48 klst. Að því loknu er hún smásjárskoðuð. Canida mynda allar pseudohyphae. Trichosporon mynda hyphae og arthrospora. Torulopsis, rhodotorula og cryptococcs mynda hvorki hyphae né pseudohyphae. Torulopsis hefur litla blastospora, þétt samanpakkaða. Rhodotorula er venjulega bleik, frumurnar eru hringlaga eða ávalar og fjölgja sér með keðjulaga blastosporum. Cryptococcus hefur mjög mismunandi frumustærð. Þær eru hringlaga eða ávalar og eru aðskildar, vegna þess hve kapsulan er plássfrek. Örfá tilvik eru, þegar cryptococcus myndar pseudohyphae.

### 4) „Germ tube“ próf:

Þá er svepp sáð í mannaserum og inkuberað allt að 3 klst. við 37°. Angar, germtube, vaxa þá út úr Candida albicans og Candida stellatoida. Þær er síðan auðvelt að greina í sundur, Candida albicans nýtir sukrosu en hin ekki.

### 5) Ureasa myndun:

Hún er mjög einkennandi fyrir alla cryptococca. Þó geta sumar Candida krusei og einhverjar rhodotorula og trichosporon myndað ureasa.

Urea agar (Christiansen's) er inkuberaður við 30° í 72 - 96 klst. Flestir cryptococcar verða þó pósítifir, ef mikið magn er notað af þeim á 6 - 18 klst.

Aðferð Roberts og co-workers: Glas með Disco Urea R broði er bleytt upp með 3 ml af sterili eimuðu vatni, 3 - 4 dropar eru látnir í holu á microtiter plötu og mikið magn af svepp látið útí. Glær filma er límd yfir og inkuberað við 37° í 4 klst. Bleikur eða rauður litur gefur til kynna pósíta reaction.

Einnig er til próf, sem gert er með prepareruðum bómullarpinnum og síðan inkuberað í 15 mín. og þá fæst niðurstaða strax.

#### *Nitrat notkun eða niðurbrot.*

Pessi eiginleiki er þýðingarmikill við greiningu cryptococca. Cryptococcus neoformans er ófær um að nota eða brjóta niður nitrat, en sumir aðrir cryptococcar gera það.

Rhodes og Roberts nota semisolid indole nitrat æti, sem er inkuberað við 30° í 48 – 72 klst, eftir að miklu af sveppum hefur verið bætt út í, gefur til kynna niðurbrot nitrats í nitrit. Zink dufti ætti að bæta í öll neikvæð próf til að sjá, hvort nokkuð nitrat er eftir.

Styttra prófi er lýst af Hopkins og Land og gefur niðurstöðu á 15 mín. Þá eru notaðir bómullarpinnar vættir í nitrat reduction media og þeir síðan þurrkaðir í vacumi og autoclavaðir. 2 – 3 coloniur eru teknar á pinnaendann og rúllað um botninn á tómu glasi, til að coloniurnar komist betur inn í pinnann. Glasið, með pinnanum í, er inkuberað við 45° í 10 mín. Síðan er pinninn tekinn upp úr og tveir dropar af sulfanic sýru og tveir af dimethyl

alfa-naphthylamine látnir í glasið. Pinninn er þá láttinn aftur í glasið og þá er hægt að lesa niðurstöðu af. Rauður litur gefur til kynna nitrat reaction.

#### 7) *Sykurnýtingarpróf:*

Auxanographic carbohydrate assimilation próf eru ákvörðun á hæfileika sveppa til að nýta einstaka sykra sér til vaxtar. Það eru til nokkrar aðferðir, sem byggja allar á notkun sykurlauss grunnagars (yeast nitrogen base). Á hann er sykrunum bætt annað hvort beint eða í filterbólum, eftir að sveppnum hefur verið dreift á skálina. Síðan er inkuberað við 30° í 24 - 72 klst. og vex þá sveppurinn kringum þá sykra, sem hann getur nýtt.

Einnig er mjög svo mælt með API 20C. Það er standardiserað assimihiations próf, að viðbættum ýmsum fleiri prófum, sem hægt er að kaupa tilbúin.

#### 8) *Gerjanir á sykrum:*

Petta eru nýtsöm próf til að greina margar gersveppi, sem eru þó ekki eins áreiðanlegar og assimilations prófin.

#### 9) *Serologisk próf:*

Pau gefa niðurstöður fyrr en venjulegar ræktanir og greiningarpróf. Pessi próf eru immunofluorescent antibody agglutinationspróf í glösum og latex agglutinationspróf fyrir cryptococca antigen. Latex agglutinationspróf er næm og specifisk aðferð til að finna cryptococca antigen í serum eða mænuvökva hjá mikið veikum sjúkl-

ingum. Hægt er að kaupa þá reagenta, sem til þarf. Latex titer hefur bæði diagnostiskt og prognostiskt gildi. Þó þetta sé sérhæft próf, þá er ekki hægt að byggja greiningu á því einu.

## Cryptococcus neoformans

*Cryptococcus neoformans* er hnattlagð organismi, sem sjölgar sér með blastosporum. Þessir blastosporar, sem geta vaxið alls staðar út úr yfirborði frumunnar, hafa mjóan tengipunkt við móðurfrumuna. Þegar vöxtur er mjög hraður, geta þeir slitnað frá móðurfrumunni, áður en þeir eru fullþroskaðir. Þess vegna er mjög mikill stærðarmunur á frumunum 4 - 20 um að þvermáli. Frumuveggurinn er fremur þunnur miðað við aðra gersveppi. Fruman er umlukin polysaccaride kapsulu, sem getur verið 1 - 30 um á þykkt, eða meira. Grundvallað á mismuni antigena kapsulunnar hefur *Cryptococcus neoformans* verið skipt í fjórar serotypur, A,B,C og D.

*Cryptococcus neoformans* er talinn eini cryptococcurinn, sem er mönnum skaðlegur. Hægt er að greina hann frá öðrum cryptococcum með phenol oxidasa prófi (brún pigment á fuglafrægar), fæstir hin, fæstir hinna vaxa við 37° og einnig hefur hann sitt sérstaka assimilations mynstur.

*Cryptococcus neoformans* veldur helst heilahimnubólgu. Á eftir fylgja staðbundnar abcessar í lungum, heila, eitlum, húð eða beinum. Þó eru líklega lungnasýkingar af hans völdum algengastar, en þær eru oft einkennitlar og greinast ekki. Upphaf flestra ef ekki allra cryptococcasýkinga er í öndunarfærum.

*Cryptococcus neoformans* finnst um allan heim. Hann hefur fundist í miklum mæli í dífnadriti. Þó svo, að sýkingar af

hans völdum hafi verið skráðar um allan heim hefur smitun frá manni til manns aldrei verið sönnuð. Líklegast er að fólk smitist, er það andar sveppnum að sér, er hann hefur komist út í andrúmsloftið.

Ólíkt flestum sýkingum þeirra sveppa, sem komast út í andrúmsloftið, verða cryptococcasýkingar ekki á mörgum í einu. Oft er einnig ekki dífüm til að dreifa í sýkingum. Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að þær séu ekki alltaf dreifingaraðili sveppsins.

Serotypa A er til um allan heim. D er algengari í Evrópu en Ameríku. Þær eru báðar venjulega tengdar dífüm. Í Bandaríkjum eru flest tilfelli af typu A nema í suður Californiu, þar sem þau eru flest af typum B og C (51%). Þó hafa þær serotypur ekki fundist í dífnadriti á því svæði.

Á Íslandi hefur *Cryptococcus neoformans* verið skráður einu sinni. Var það frá pólskum sjómanni, sem hafði haft pneumococca meningitis, en lést þrátt fyrir meðferð gegn þeim. Við krufningu fannst síðan *Cryptococcus neoformans* bæði í heilahimnu og í lungum.

Vegna hinnar geysimiklu útbreiðslu sveppsins mætti búast við því, að sýkingar af völdum hans væru algengar. Því fer víðs fjarri. Fólk með óskertar varnir virðist ekki vera hætt við sýkingum. Hins vegar horfir öðru vísi við, ef sólk er á corticosteroidum, hefur lymphoreticular sjúkdóma sérstaklega Hodkkins eða þá sarcoidosis eða sykursýki.

## Niðurstaða

Með aukningu á fjölda sjúklinga með skertar varnir, vegna lyfjameðferðar og/eða sjúkdóma, hafa sveppasýkingar af völdum gersveppa aukist að miklum mun. *Cryptococcus neoformans* er þar oft sýkingavaldur. Þar sem hann vex vel á venjulegu æti, er yfirleitt ekki erfitt að einangra hann.

Greining er grundvölluð á smásjárskoðun, ureasa, nitrat og phenol oxidasa verkun og með athugun á sykurnýtingu. Einnig má leita að cryptococca antigeni og antibody í serum.

#### **Heimildir:**

1. Edwin H. Lennet, Earle H. Spaulding, Joseph P. Truant: Manual of clinical microbiology; American society for mikrobiology 2. útg. 1974
2. Edwin H. Lennet, Albert Ballows, William J. Hausler jr., Joseph P. Truant: Manual of clinical microbiology; American society for mikrobiology 3. útg. 1980.
3. William J. Buesching: Check sample, Educational program for individual home study; The american society of clinical pathologist, 1981
4. D. Frey, R.J. Oldfield, R.G. Bridger: Pathogenic Fungi; Wolfe Medical Publications Ltd. 1979.
5. A. Stendrup, Sylvest: Pathogene svampe; Munksgaard, 1976.



*Síxist synir að ég er með eggjalauna  
i þrægi. Hvað að ég að gera?  
Hætta að pissa á brix.*

# **ÁHUGAVERÐAR GREJNAR**

#### **Læknablaðið:**

**Blöðrubólga ungbarna:** 1. tbl. 1980

**Fastandi blóðsykur og sykurþol karla og kvenna á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 20 – 61 árs:** 2. tbl. 1980

**Arfgeng hyperkólesterolemia:** 4. tbl. 1980

**Pvagsýking á heilsuverndarstöð:** 1. tbl. 1981

**Hversu oft verður skert sykurþol að sykursýki:**  
1. tbl. 1981

**Campylobacter jejuni:** 3. tbl. 1981

**Námskeið um gigtarsjúkdóma:** Fylgirit 4, 1977

**Barnalækningar:** Fylgirit 9, 1979

**Rhesusmál á Íslandi:** Fylgirit 10, 1980

**Málþing um liðagigt:** Fylgirit 11, 1980

#### **Læknaneminn:**

**Um orsakir sykursýki:** 4. tbl. 1978

**Áhrif nefkoks- og hálskirtlatöku á sjúkdómsmynd í Hemophilus influenzae meningitis:** 1. tbl. 1978

**Enzymmælingar í serumi:** 2. tbl. 1979

**Betafrumuæxli og hypoglycaemia:** 2. tbl. 1979

**Heilaskönnun:** 4. tbl. 1979

**Sitthvað um kynstera:** 3. tbl. 1979

**Lífran leysiefni, sívaxandi sjúkdómavaldur:** 1. tbl. 1979.

**Eiturefnafræði:** 3. tbl. 1980.

**Hormón og viðtakar þeirra:** 3. tbl. 1980.

#### **Fréttabréf um heilbrigðismál:**

**Krampaköst hjá ungm börnum:** 1. tbl. 1980.

**Trefjaefni og sjúkdómar:** 4. tbl. 1980.

#### **Tímarit Gigtarfélags Íslands:**

**Gigt í börnum:** 2. tbl. 1979.

#### **Nyt for hospitalslaboraner:**

**Undersøgelse af komplikationer ved gravidteter og födelser:** 21. tbl. 1980.

**Komplimentsystemet:** 22.tbl. 1980.

# 10 Evrópulöndum

Fengið úr „Tidsskrift for jordemødre“ nr. 5, 1980



4 måneder i alt, og en barselydelse hvis størrelse afhænger af et forsikringsbidrag.



Forældrene deler 4 måneder, dog skal kvinden tage mindst 1½ måned efter fødslen. Der gives fuld økonomisk erstatning.



Før fødslen: 2 måneder. Efter fødslen 3 måneder, og kvinden kan tage 6 måneder mere med sikkerhed for at kunne vende tilbage på arbejdsplassen.  
Økonomisk dækning: De 5 obligatoriske måneder får hun 80% af lønnen. De ekstra 6 måneder 30%.



Før fødslen: 1 måned (4 uger). Efter fødslen: 5 måneder. Ved barn nr. 2 kan kvindens orlov forlænges med 2 år, og hun får fuld løn.



Før fødslen: 1½ måned. Efter fødslen 1½ måned, som dog kan forlænges med 10½ måned, hvis kvinden ikke er arbejdssygtig efter fødslen. Den almindelige økonomiske godtgørelse er 80% af lønnen.

Forældreorlov på 6 måneder, heraf kan kvinden tage 2 måneder før fødslen og 1 måned efter. Resten af orloven kan deles mellem forældrene, men den kan ikke have orlov samtidig. De får dagpenge, der svarer til 90% af lønnen, dog højst 80.000 svenske kroner årligt i 1977-værdi.




Før fødslen: 1½ måned. Efter fødslen: Knap 2 måneder (8 uger), som kan forlænges med yderligere en måned, hvis der har været helbreddsmæssige komplikationer. Kvinden får barseldagpenge, svarende til lønnen. Dagpenge betales af samfundet med op til 25 DM pr. dag.

Kvinden kan frit vælge orlovens længde, dog højst 3 år med sikkehed for at kunne vende tilbage til arbejdsplassen. Barselpengene udgør halvdelen af gennemsnitslønnen for ungarske kvinder.



I alt et halvt år med mulighed for at tage 1½ måned før fødslen. Ved barn nr. 2 kan kvinden tage yderligere 1 års orlov med sikkerhed for at kunne vende tilbage til arbejdsplassen. Under det første halve år får hun fuld løn plus 1000 mark i fødselspræmie.. Med yderligere et år får hun ca. 75% af lønnen, plus andre økonomiske goder.

Pr. 1. januar 1981 får kvinden 4 uger før og 14 uger efter fødslen, og dagpenge svarende til højst den maximale dagpenge-sats.



# Meinatæknar í Blóðbankanum



Pórunn Einarsdóttir



Ella Þórhallsdóttir



Auður Theodórs



Kristín Möller

# Blóðbankinn

Blóðbankinn við Barónsstíg var stofnaður árið 1953, og er hann því á 28. aldursári í dag.

Hlutverk Blóðbankans er tvíþætt; annars vegar er hann þjónustumiðstöð fyrir sjúkrahúsini í landinu, og rannsóknarstofnun hins vegar. Á rannsóknarstofum Blóðbankans starfa 14 manns; 4 meinatæknar, 2 læknar, 1 hjúkrunarfræðingur, 6 líffræðingar og 1 aðstoðarmaður. Vinna í Blóðbankanum er dagvinna, ýmist frá kl. 8 - 16 eða frá 9 - 17 og gæsluvakt frá kl. 17 - 8 og allan sólarhringinn um helgar.

Dagleg störf eru fólgir í blóðflokkun, krossprófun, niðurflokkun, blóðvökvarannsóknum og blóðhlutavinnslu. Einnig eru erfðafræðirannsóknir á vegum Ólafs Jensonar yfirlæknis og Alfreðs Árnasonar líffræðings unnar hér, en um þær var fjallað í Blaði meinatækna, 6. árg.

**Rhesusvarnir** hafa verið starfræktar hér frá upphafi, en í fyrstu aðallega fyrir höfuðborgarsvæðið. Þegar immunoglobulinmeðferð kom til sögunnar 1969, hófst Rhesusvarnarherferð um allt land. Var þá ráðinn meinatæknir í störf Rhesusvarna og hefur Auður Theodórs meinatæknir unnið þau störf frá upphafi.

**Blóðflokkanir:** Allir þeir, sem þurfa á blóðgjöfum að halda eru blóðflokkaðir og þeir sjúklingar, sem þurfa endurteknar blóðgjafir, eru niðurflokkaðir. Eins eru allir

blóðgjafar blóðflokkaðir og hluti þeirra niðurflokkaður, til að hægt sé að annast sjúklinga með sérþarfir. Barnshafandi konur eru blóðflokkaðar á vegum Rhesusvarna og geta þær upplýsingar komið að gagni, verði um blóðtap að ræða í sambandi við barnsburð eða keisaraskurð.

**Krosspróf:** Fyrir blóðgjöf þarf að krossprófa allt blóð, þ.e. gera samræmingarpróf til að best verði vitað fyrirfram, að sjúklingi verði gott af því blóði, sem hann á að fá.

**Blóðvökvarannsóknir:** Mótefnagreining (screentest, indirect Coombspróf) er gert hjá öllum barnshafandi konum, Rhesus neikvæðum og jákvæðum, til að fylgjast með mótefnamyndun hjá þeim í meðgöngu.

Petta próf er gert á blóði, sem sent er í krosspróf til blóðbankans til að kanna hvort viðkomandi sjúklingur hafi myndað mótefni vegna blóðgjafar. Einnig er athugað blóð frá sjúklingum á öðrum stofnunum, sem hafa fengið aukaverkanir við blóðgjöf. Blóðgjafar eru einnig rannsakaðir fyrir mótefnum.

Rannsókn þessi er framkvæmd með sjálfvirkum mótefnamæli (autoanalyser), sem sparar gífurlega vinnu, en gerir jafnframt mögulegt að rannsaka miklu meiri fjölda sýna. Greinist einhver með mótefni, er reynt að ákvarða hvaða mótefni hafa myndast, en það er gert með greinifrumum

(panel cells), en það eru rauð blóðkorn, sem hafa sem flest þekkt antigen. Með þeim má fá fram ákvæðin mynstur sem eru einkennandi fyrir hvert mótefni.

Blóðgjafar eru rannsakaðir fyrir syphilis (Luespróf) og Ástralíuantigeni og mótefni áður en blóð þeirra er gefið. Sjúklingar, sem eru grunaðir um vírushepatitis, eru rannsakaðir hér fyrir Ástralíuantigeni. Direct Coombspróf er gert hjá börnum Rh neg mæðra og eins hjá þeim börnum, sem hafa nýburagulu.

**Blóðhlutavinnsla:** Pegar blóðpokar úr plasti leystu glerflöskurnar af hólmi, varð gjörbylting varðandi meðferð ýmissa blóðsjúkdóma. Þá fyrst var hægt að sinna þörf um thrombocytopeniusjúklinga og blæðara.

Blóðhlutavinnslan fer fram á nýrunnu blóði og er hún sólgin í spuna á blóðinu í skilvindum og flutningi á plasma milli plastpoka. Úr einni einingu af blóði má fá fjóra blóðhluta: blóðflögur fyrir thrombocytopeniusjúklinga, storkufaktora fyrir blæðara, plasma fyrir sjúklinga sem verða fyrir miklu vökvatapi (bruna, ileus) og pakkaðar frumur fyrir sjúklinga með blóðleysi.

Vinnsla blóðflagna, sem er algengust fyrir utan plasma og blóðkornavinnslu, er tímafrek. Kalla þarf inn 6 blóðgjafa, og þegar búið er að taka blóð úr þeim, er blóðið fyrst spunnið hægt (900 rpm) í 30 mín. í skilvindu, þá eru blóðpokarnir teknir og plasmað pressað ofan af blóðkornamassum yfir í annan poka, sem aftur er spunnum hratt (2500 rpm) í 45 mín. Þá er mest hlutinn af plasmanu pressaður úr pokanum, svo eftir verður klumpur af blóðflögum, sem láttinn er jafna sig í 1 klst. Síðan er pokinn tekninn og hann strokinn varlega í höndunum svo blóðflögurnar losni í

sundur. Þá eru blóðflögurnar tilbúnar til gjafar. Í allt tekur þessi vinnsla 4 til 5 klst. Til að þessi vinnsla geti farið fram á dagvinnutíma, er nauðsynlegt, að niðurstöður thrombocytatalninga hjá þessum sjúklingum, berist sem fyrst á morgnana.

Blóðbankafræðin er skemmtilegt og heillandi fag og væri ekki úr vegin og gera hana að einni grein af meinatæknanáminu, eins og er á hinum Norðurlöndunum. Myndi það koma í veg fyrir ásókn líffræðinga inn á starfssvið okkar og auka atvinnuhorfur innan stéttarinnar.

Ábendingar til þeirra sem þurfa að senda blóð til rannsókna í Blóðbankanum:

Fyrir allar rannsóknir (nema Ástralíuantigen) þarf heilblóð, án anticoagulants.

Sé aðeins beðið um blóðflokkun, nægja 3-5 ml, en sé beðið um flokkun og krosspróf eða skimpróf, þarf sýnið að vera 5-10 ml. Ef krosspróf á að gera samdægurs, þurfa sýnin, að berast í Blóðbankann fyrir kl. 14, svo unnt sé að vinna þau á dagvinnutíma, en flokkun og krosspróf taka um 1½-2 klst.

Fyrir þá sem þurfa að senda blóð utan af landi: Hafið glösin vel fyllt og gangið vel frá tappa. Séu glösin illa fyllt, verður meiri hreyfing á blóðinu í flutningum, sem veldur haemolysu. Munið að merkja öll sýni vel, með nafni sjúklings og fæðingardegi.





## Rannsóknastofa Háskólans sýkladeild

Síðast liðið sumar var farið að rækta hér Campylobakter jejuni, en þessi baktería veldur niðurgangi. Campylobacterættin bar áður nafnið Vibrio fetus. C. jejuni fjölgar við 43°C en ekki eða lítið við stofuhita, þær vilja dálitið CO<sub>2</sub> og sérstakt æti, sem nefnist Skirrows æti. Nú er leitað að þessari bakteríu í öllum saursýnum, sem send eru til okkar í ræktun og hefur hún ræktast frá 8 sjúklingum. Í 3. tbl. Læknablaðsins, sem er nýútkomið, er grein um c. jejuni eftir 2 lækna hér á deildinni og geta meinatæknar lesið þessa grein til frekari fróðleiks.

Við höfum nýlega fengið frystiskáp, sem frystir í  $\div 70^{\circ}\text{C}$ . Hann er notaður til þess að frysta og geyma sjaldgæfar bakteríur, en þær eru frystar í hestablóði og geymast vel þannig. Þetta kemur sé mjög vel fyrir t.d. nema, sem annars myndu oft missa af sjaldséðum bakteríum.

Fluorescent – antibody aðferðin við að greina gonokokka hefur reynst vel. Í janúarmánuði voru m.a. greindir gonokokkar í

liðvökum frá tveim sjúklingum. N. meningitis hefur einnig verið greind í stroki frá þvagrás.

S.J.

## Rannsóknadeild Landakotsspítala

Hér vinna 26 meinatæknar, þar af eru 12 í fullu starfi og 14 í hálfu starfi. Auk þess vinna hér 2 aðstoðarmenn, 2 lífefnafræðingar og 1 líffræðingur.

Það er orðið vinsælt nú, að tveir meinatæknar skipti með sér einni stöðu. Annar vinnur fimmtudag, föstudag, mánudag, þriðjudag og miðvikudag, en hinn tekur þá við og vinnur sína 5 daga. Hérna á Landakoti eru 3 svona samlokur núna, 6 meinatæknar.

Vinnutíminn er frá kl 8 - 16, 5 daga vikunnar og aukavinna 4 hvern laugardag frá kl. 8 - 12 eða þangað til vinnunni er lokið. Eftir að venjulegum vinnutíma er lokið, tekur við gæsluvakt. 1 meinatæknir er á vakt frá kl 16 - 8 næsta morguns, en á „acut“ kvöldum er einn á aðalvakt og annar á bakvakt til kl. 24.

Við erum nýlega farin að skipta helgum, áður var sama manneskjan á vakt alla helgina. Núna er ein vakt aldrei lengur en 24 klst. Um „acut“ helgar og á „acut“ helgidögum eru alltaf 2 meinatæknar á vakt. Það eru 16 meinatæknar sem skipta vöktunum með sér, sem þýðir 2 - 3 vaktir á mánuði. Mikil breyting til batnaðar hefur orðið þar á, því að fyrir nokkrum árum voru 6 - 7 meinatæknar á vöktum og sama manneskjan var alein með heila „acut“ helgi.

## Meinefnafræði

Hér á Landakoti höfum við „Auto Analyzer“ 10 ára gamlan en þó í fullu fjöri ennþá. Hann gerir: urea, glucosa, C1<sup>-</sup>, HCO<sub>3</sub><sup>-</sup>, Járn og TIBC.

Fyrir 2½ ári var tekinn í notkun nýr sjálfvirkur mælir: „Abbott“. Þetta er mjög fyrirferðalítið, sjálfvirkta tæki, sem getur gert nánast allt. Hann hefur reynst mjög vel og afkastamikill. Vinnusvið hans er: Bilirubin, Alk. fosf. GPT, gamma-GT, Kreatinin, Fosför, Total Protein, Albumin, Kólesterol, Triglyceridar, Pvagsýra, LDH, alfa-HBDH, CPK og CPK-MB. Vinnudagurinn endist ekki til að gera öllu meira.

„Beckmenn Gamma teljari“ hefur verið notaður hér í 5 ár og núna eru gerðar eftir-taldar rannsóknir á hann: T<sub>4</sub>, T<sub>3</sub>, TSH, Cortisol, Digoxin og Folinsýra. Það hefur verið sökum plássleysis, að ekki hafa verið tekar upp fleiri rannsóknir á hann, en einmitt nú stendur það til bóta. Næstu daga flytur hann í stærra herbergi og þá er mein-ingin að taka upp fleiri rannsóknir.

Sömu sögu er að segja af „Protein-deild-inni“. Hún flytur mjög bráðlega í betra herbergi, en við höfum í langan tíma eða um 10 ára skeið, mælt hér margs konar protein „typur“ svo sem: Immunoglobulin A,G,M, Haptoglobin, Orosomucoid, C3 C4 complement, Alfa-1-antitrypsin, Ceruloplasmin, C1 esterase inhibitor og fleira.

R.J.

## Rannsóknadeild Landspítalans

Síðastliðið sumar gerðum við innrás í kennslustofuna á 1. hæð og lögðum undir okkur 2/3 hluta hennar. Það skal tekið fram, að fyrir löngu var búið að lofa okkur þessu húsnæði. Það hefur ekki enn verið innréttar, en er þó í fullri notkun við bágur aðstæður. Flestum nýjustu tækjum rannsóknadeildarinnar hefur verið komið þar fyrir og þar er nú einnig léleg blóðtök-

aðstaða. Vonir standa til, að blóðtökur geti farið fram í augnlæknisherbergini, sem er á sömu hæð.

Blóðtökuvandamál Landspítalans er enn til umræðu. Í um 9 mánuði fram í ágúst á síðasta ári, tókum við mest allt blóð allan sólarhringinn. Mikil aukning varð á „eftirá blóðtökum“ og vinnuálagið keyrði fram úr hófi. Blóðtökunefnd læknaráðs Lsp. kom þá saman og gerði bráðabirgðasamkomulag, sem enn er við lýði. Við tókum allt blóð alla daga frá kl. 8 - 10 á morgnana og á virkum dögum einnig frá 13 - 14.30. Um eftirmið-dagana fer blóðtakan fram á rannsóknadeildinni. Reyndin hefur orðið sú, að á þessum tíma hefur einnig verið farið upp á deildir til þeirra sj., sem ekki hafa ferlivist. Að jafnaði eiga meinatæknar ekki að taka blóð utan þessara tíma nema í skyndirannsóknir á akút vöktum og þá eftir því sem þeim vinnst tími til. Meinatæknar sjá um blóðtökur til kl. 16 á gd. Lsp. og á gd. Kvennadeildar og allan sólarhringinn á gjörgæslu og einnig allar háraðablóðtökur og blóð í storkupróf.

Starfsfólk sjúkadeildanna er margt ekki sátt við þetta fyrirkomulag.





Gæsluvaktafyrirkomulag hefur breyst. Nú eru gæsluvaktir á virkum dögum frá kl. 16 - 08, tveir meinatæknar á vakt. Á frí-dögum frá 08 - 18 eru þrír meinatæknar á gæsluvakt og tveir frá 17.30 - 08. Er yfirleitt ærið að gera á laugardögunum og er þá oft kallað á fleira fólk til vinnu. Geta meinatæknar borið saman „frídagsmannafla“ á sínum vinnustað og á rannsóknadeild stærsta spítala landsins. Það skal tekið fram, að margir eru mjög óánægðir með, hversu fáliðað er á laugardögunum, en þetta hefur verið í höndum meinatæknanna sjálfra.

Tölvuvæðing rannsóknadeildarinnar hefur verið fyrirhuguð í mörg ár og er útlit fyrir, að henni verði komið á fyrir áramót. Tveir meinatæknar vinna nú við að slá inn í tölvuna upplýsingum um þær rannsóknir sem við gerum, en farið er að mestu eftir kerfi Rannsóknadeilda Bsp.

Endurbætt útgáfa Handbókarinnar kom út á síðastliðnu vori, en upplag hennar er að mestu uppurið. Ekki er ráðið, hvenær hún kemur út næst.

St. O.

## Blóðmeinafræði

Hingað hafa nýverið værið keypt tvö ný tæki, sem nú er unnið við að koma í notkun. Tækin eru Coagulatiometer Winn/ES600 og Coulter MINI-KEM™.

Hið fyrra er til notkunar við storkumælingar og er sjálfvirk að því leyti, að það nemur storkumyndun í sýni með hjálpsljós-mæla. Þeir eru tengdir klukkum, sem stöðvast, þegar storka myndast í sýninu. Í tækinu eru tvær óháðar rásir, þannig að hægt er að mæla tvö sýni í einu. Einnig er innbyggjt í tækið 37°C hitablokk, sem kemur í stað vatnsbaðs.

Þessi sjálfvirki mæliútbúnaður eykur nákvæmni mælinga og samræmi niðurstöðna, þótt fleiri en einn meinatæknir framkvæmi prófin. Auk þess eru afköstir talsvert meiri en nást með handaðferð. Tækið getur framkvæmt öll venjuleg próf, sem byggjast á storkumyndun í plasma.

Coulter MINI-KEM™ er hálfsjálfvirkur spectropotometer með bylgjulengdir frá 340 nm (útfjólublátt) til 700 nm (rautt). Hægt er að velja um þrjú hitasig fyrir sýnin í mælingu, þ.e. 25°, 30°, og 37°C. Tækið mælir taransmission og absorbance og getur framkvæmt kinetískar mælingar og skráir niðurstöður mælinga með sjálfvirkum prentara. Fá má svör í þeim einingum, sem óskað er, og einnig miðað við standarda.

Á þetta tæki er ætlunin að mæla fibrinogen, methemoglobin, ýmis enzym og fleira sem til fellur.

## Þvagrannsóknir

Hingað höfum við nýlega fengið Cytospin Cyto-skilvindu frá Shandon Southern. Með henni er hægt að skilja allar frumur úr sýni á lítið svæði á objectgleri og gerir það frumugreiningu mögulega, þótt magn



Anna Ingvarsdóttir við SMA-tækið.

vökva sé lítið og örfáar frumur í honum. Frumumyndin verður einnig mjög góð.

Notaðir eru 0,7 ml af vökva eða minna. Vökvinn sýgst upp í þerríppappír, en frumurnar sitja eftir á glerinu. Ef mikið magn er til af vökva og óskað er eftir að fá frumurnar þéttar á glerið, má nota 1,2 ml af vökvnum, en þá verður að hafa meira af þerríppappír.

Pessi skilvinda var keypt til þess m.a. að leita að blöstum í mænuvökva hvítblæðisjúklinga, en við notum hana fyrir alla mænuvökva, sem þarf að deilitelja og eru frumusáir.

Skrifaðar hafa verið greinar um það, hvernig meigi nota þessa skilvindu við „rútínu þvagsmásjárskoðun“.

Fyrir tveim árum fengum við polarisationsmásjá með snúanlegu borði og sérstökum filter til þess að geta greint biresfrígence þvagsýrukristalla og kalsíumpyrofosfatkristalla.

### Meinefnafræði

Síðastliðið haust voru teknir í notkun tveir sjálfvirkir efnamælar: „centrifugal analyz-

er“ af gerðinni Multistat III frá Instrumentation Laboratory og SMA 6/60 „multichannel biochemical analyzer“ frá Technicon.

Sérkenni Multistat III eru í stuttu máli sem hér segir: Tuttugu plastkúvettur eru steyptar saman í flatan hringlaga disk eða „rotor“, sem er einnota, og liggja kúvetturnar radíalt út frá miðju rotorsins. Sérstakt hleðslutæki skammtar í hverja kúvettu sýni og hvarfefni (reagensa) sem þó blandast ekki saman fyrr en í mælinum sjálfum, en þar er rotornum snúið mjög hratt. Hvarflausnin helst á botni kúvettunar vegna miðflóttaaflsins, og sérstakur ljósmaðir les absorbans hverrar lausnar meðan rotorinn snýst 1000 snúninga á mínu. Fjölmargir aflestrar eru teknir af hverri lausn eftir fyrirfram ákveðnum reglum.

Innbyggð tölvu undir stjórn forrita, sem geymd er á segulböndum, stýrir tækinu og vinnur úr niðurstöðum. Hægt er að mæla hvort sem er hvarfhraða (kinetiskar mælingar) eða jafnvægisstöðu (endpoint mælingar), einnig við tvær bylgjulengdir (bi-chromatic analysis). Tækið er því mjög sjölfhæft og má nota það til að mæla enzym,

enzymsubströt (glúkósu, þvagsýru, þríglyceriða, cholesterol, þvagefni o.s.frv.) og önnur efni (kreatinin, albumin, protein o.s.frv.). Einnig má nota það til sérhæfðra proteinmælinga með immunokemiskum aðferðum (turbidimetri), og loks má nota „homogeneous enzyme immunoassay“ (EMIT) aðferðir.

Aðrir kostir tækisins eru m.a. hraðvirkni (2 - 10 mín. fyrir allt að 19 sýni), smá sýni (3 - 20 mikrólítrar serums) og líttill reagensakostnaður (hvarflausnarrúmmál uppb 250 mikrólítrar).

SMA efnamælirinn mælir sex analysur í einu, en getur mælt færri en ekki fleiri. Hann gerir 6 x 60 analysur á klst. Við láatum hann mæla Na, K, Cl, HCO<sub>3</sub>, kreatinin og total protein. Ekki eru allir sammála um þessa samsetningu.

Petta tæki var keypt notað og er ekki af nýjustu gerð. Það notar meira af blóðvatni en flestir nýr sjálfvirkir efnamælar, um 1,3 ml, en hefur þótt mikill vinnuþjarkur og hefur reynst vel.

### Hormónarannsóknir

Í fyrravor fluttu hormónarannsóknirnar í fyrverandi lesstofur læknanema á 1. hæð. Húsnæðið er tvö sәmilega stór herbergi. Innréttингin hér er til fyrirmynadar, enda réðu meinatækarnir sjálfir þar miklu um.

Um líkt leytti kom hingað HPLC „high performance (pressure) liquid chromatograph“. Með tækinu kom tæknimaður, sem útskýrði tæknileg atriði varðandi tækið. Seinna kom svo efnafraðingur og hélt smá námskeið um þróun aðferða og efnafraði í tengslum við tækið.

Eftir nokkra byrjunarörðugleika fórum við í haust að mæla theophylamin (asma-lyf), karbamasepin, fenemal, fenytoin (krampalyf) og diazepam. Ætlunin er að

halda áfram að bæta við mælingum á fleiri krampalyfjum og sjálfsagt fleiru.

### Ísotopastofa

Í Blaði meinatækna 1979 var sagt frá gammamyndavélinni og þeim rannsóknunum, sem við gerðum með henni þá. Í ágúst sama ár var tekin í notkun tölva, sem tengd er við myndavélinu.

Síðan hafa verið gerðar nokkrar nýjar rannsóknir, sem ekki er hægt að gera án tölvu. Einnig er tölvan notuð við úrlestur á þeim rannsóknum, sem áður voru gerðar. Nýjar rannsóknir síðan tölvan kom eru heilablóðflæði, blóðflæði í nýrum og útskilnaður gegnum nýru.

### Rannsóknastofa Kleppsspítala

Hér á rannsóknastofu Kleppsspítala vinna nú 5 meinatækna og 1 aðstoðarstúlka. 3 meinatækna eru í fullu starfi, 2 í ½ starfi og aðstoðarstúlka í ½ starfi. Vinnutími er frá kl. 8 - 16 mánuð. – föstud., og eftir kl. 16 tekur rannsóknarstofa Lsp. við öllum akut beiðnum. Fyrsta miðvikudag hvers mánaðar erum við hér til 19.30 og er það þjónusta, er við veitum svokölluðum lithium sjúkl., eða þeim, er eru á lithium meðferð.

Hér eru gerðar allar þær rannsóknir, sem þörf er á að gera við fyrstu innkomu. Við höfum hæmatologju, kemiu og þvag lab. Hér eru gerðar lithium rannsóknir fyrir allt landið. Það er að vísu ekki hægt að gera allt hér, því við erum mjög illa í stakk búnar, hvað tæki snertir. Sem dæmi má nefna, að ekki er til einn einasti diluter. Tækin eru gömul og úr sér gengin. Við þorum varla að anda á þau, svo þau bili ekki, því þá fáum við engin í staðinn. Við erum auðvitað búnar að berjast fyrir því að fá ný tæki og á

okkur er hlustað, en við fáum engin tæki. Hvers vegna vitum við ekki? Nú, hér höfum við mjög gott pláss, sem er um 80 m<sup>2</sup> að stærð og mætti nýta það miklu betur ef áhugi væri fyrir hendi hjá forráðamönnum Ríkisspítala. Hér væri hægt að setja upp fleiri rannsóknir, það er rúmt um okkur og okkur líður vel hér á Kleppi, hér er góður starfsandi svona að öllu jöfnu.

Sú spurning vaknar hvað verður um okkur, er öll tækin verða ónýt, hvað verður þá gert? Við höfum heyrt eitt og annað, en ekkert verið staðfest. Það er nóg að starfa hér og margir sjúklingar en verst af öllu er, að þurfa að senda sýni frá sér, sem ætti að vera hægt að gera hér. Við höfum sem betur fer mjög góða samvinnu við allar rannsóknastofur á Lsp. og vonum við, að það verði áfram.

Hér eru 8 deildir innan spítalans, ennfremur göngudeild geðdeilda Lsp. og Vistheimilið að Vífilstöðum, Laugarás, 2 deildir í við Hátún, Bjarg, Flókagata og Hveragerði. Svona mætti lengi telja. Á þessa staði verðum við að fara og þjóna þeim öllum. Samtals verða þetta þá u.p.b. 317 rúm + amb. og er þetta ærið starf, ef vel á að þjóna því, og það viljum við gera. Það skal tekið fram, að þeir sjúklingar sem hafa fótferð koma hingað í sýnistöku, yfirleitt milli kl. 8 – 9, en við veitum þjónustu allan daginn til kl. 16.

Hér höfum við mjög góðan yfirmann, Bjarna Konráðsson lækni, og hefur hann allan veg og vanda af þessari rannsóknastofu og hefur unnið hér mjög gott starf. Þegar hann var ráðinn hingað voru aðeins gerðar örfaðar rannsóknir s.s. blóðstatus og þvagr. Svo allt sem við gerum í dag, hefur hann sett upp hér og þjónað okkur með mestu þolinmæði og vinsemd, þrátt fyrir öll þau höft, sem okkur hafa verið sett í sam-

bandi við tækjakost og annað. Hann hefur eins og við fullan áhuga á að gera hér miklu meira, en því miður þá hefur ekkert orðið að því ennþá. Hér væri t.d. mjög æskilegt að setja upp lyfjarannsóknir, hér þarf oft á þeim að halda. Að senda sýni til rannsóknar á aðra staði, er mjög dýrt á allan hátt.

Hér hefur verið stiklað á stóru, en þetta er einfalt yfirlit yfir það, hvernig við störfum og hvað við gerum hér á Kleppsspítala. Það væri sjálfsagt hægt að tína eitt og annað til, en við vonum, að þetta gefi einhverja hugmynd um, hvernig við störfum hér og hvað á vantar. Rannsóknastofa hér við spítalann er mjög mikilvæg og það mætti vera meiri áhugi fyrir starfsemi hennar. Það er von okkar og trú, sem störfum hér, að það verði í framtíðinni, því það er nauðsynlegt við svo stóra stofnun sem þessa. Að síðustu sendum við töflu yfir fjölda þeirra rannsókna, sem gerðar voru hér á rannsóknastofunni á síðsta ári:


Hb. Hct. MCHC. Hv. blk. Sökk. Diff:	.....	6x 1674
Taln. á thromboc.	.....	52
Taln. á reticuloc.	.....	59
Blóðurea	.....	1594
Blóðsykur fast.	.....	611
Sykurþolsp.stutt	.....	3
Sykurþolsp. langt	.....	9
GOT og GPT	.....	2x 1257
Kreatinin	.....	488
Kolesterol	.....	119
Alk. fosfatasar	.....	152
Súrir fosfatasar.	.....	28
Prótein total/alb	.....	2x 124
Bilirubin total	.....	108
Bilirubin direct	.....	33
Na,K,Cl	.....	3x 354
Lithíum	.....	824
Lues	.....	487
Amylase	.....	24
Blóð í saur	.....	40
Í þvagi:		
Almenn / smásjársk.	.....	1011
Eðlisþyngd	.....	10
Urobili og u-gen	.....	2x 12
Pungunarpróf	.....	60

P.P.



Frá v.: Hulda Snorradóttir, Edda Ásgeirsdóttir, Margrét Valdemarsdóttir, Pétra Pétursdóttir og Jóna Björg Jónsdóttir.





## Jan. '80 til maí '81

### Meinatæknadeild T.I.

Á deildarstjórnarfundi í meinatæknadeild 4. mars 1980 var samþykkt, að skólinn gæli út námsskrá í eftirtöldum greinum, sem hver um sig teldist fullgild 3ja sérgrein meinatækna: frumufræði kennd hjá Krabbameinsf. Íslands; litningarannsóknir kennd á R.H.; lífeðlisfræði kennd á Lsp.; blóðbankafræði kennd í Blóðb.; ónæmisfræði kennd á R.H. og veirufræði kennd á R.H..

Í dag eru tilbúnar námsskrár í 3 fyrstöldu greinunum og er einn nemur að læra litningarannsóknir. Kennsla í 3ju grein fer annars fram, þegar aðstæður á viðkomandi rannsóknastofu leyfa og nemar bjóðast.

Björnja.

### Menntunarnefnd

Menntunarnefnd Meinatæknafélagsins tók til starfa í sept. 1980. Tilgangur nefndar innar var:

### 1. Endurskoðun á námsefni í meinatækni.

Áleit nefndin að breyta þyrfti náminu skilyrðislaust, vegna mikilla krafna um sjálfstæði og frumkvæði til meinatækna hér-lendis. Nefndin taldi að þessi breyting yrði fólgin í 6 – 12 mánaða lengingu námssins og lagði fram frumdrög að breyttu námi. Með þeim frumdrögum eru aðalfögur örðin þrjú og skal meinatæknir, sem lýkur námi eftir þessa breytingu hafa vald á hematologi, kemi og bakteriologi.

### 2. Að finna meinatæknanámi framtíðarstað.

Haldinn var fundur með Bjarna Kristjánssyni rektor og viðhorf hans kömuð með tilliti til ofangreindra breytinga. Undirtektir Bjarna voru sérlega jákvæðar og hét hann okkur stuðningi til að koma þessu í framkvæmd innan Tækniþáskóla Íslands.

Einnig var fundað með Halldóri Guðjónssyni, kennslustjóra Háskóla. Hann taldi eðlilegast að meinatæknanámið færi fram við Háskóla Íslands. Þar sem m.a. stuðningur fengist frá öðrum heilbrigðisstéttum í Háskólanum. Þarf meinatæknafélagið þá að leggja málid fyrir háskólaráð.

Greinargerð menntunarnefndar var lögð fyrir fund MTÍ þ. 26. marz s.l. Urðu miklar umræður um málid og virtist sem meiri hlutinn styddi þá hugmynd að flytja námið í H.I.

Menntunarnefnd var falið að vinna áfram að frekari framkvæmd mála.

### Fræðslunefnd.

Annar fræðslufundur ársins 1980 var haldinn á Landakotí 6. mars. Auðólfur Gunnarsson læknir talaði um legvatnsástungur og litningarannsókn. Mæting var mjög góð, 74 mættu.

Priðji fræðslufundurinn 1980 var þann 6. maí, á Landsspítalanum. Jón Þorsteinsson læknir talaði um liðvökva. 44 meintækna mættu.

Stjórn meintækna félagsins sá um two fræðslufundi í tengslum við aðalfund félagsins í október.

Fyrsti fræðslufundur ársins 1981 var svo haldinn á Borgarspítalanum 21. janúar. Atli Dagbjartsson læknir talaði um „Börn á sjúkrahúsum“, gildi rannsókna og þarsír foreldra. Mæting á þennan fund var mjög góð, 73 mættir.

Annar fræðslufundur ársins var haldinn þann 4. mars í B.S.R.B húsinu. Jóhannes Skaftason lyfjafræðingur talaði um lífræn leysiefni- eiturefni. 64 meintækna mættu.

Priðji fræðslufundur ársins var haldinn á Landspítalanum 28. apríl. Ólafur Steingrímsson læknir talaði um kynsjúkdóma. Besta mæting ársins, 84 mættu.

Venja hefur verið að auglýsa fræðslufundi til meintækna úti á landi, heimavinnandi meintækna og meintækna er vinna á smærri vinnustöðum, með góðum fyrirvara. Pað brást fyrir fundinn í janúar 1981. Atli Dagbjartsson var á förum til útlanda og var fáanlegur til að halda fyrilesturinn með mjög stuttum fyrirvara. Fræðslunefnd biðst afsökunar á þessu og ætlað að auglýsa betur næstu fundi.

## Ritnefnd

Blað meintækna 1980 og Fréttablað meintækna var unnið af sömu aðilum og fyrri blöð. Enginn hörgull hefur hingað til verið á auglýsingum og stóðu þær undir miklum hluta kostnaðar við Janúarblaðið.

Útgáfa fréttablaðsins virtist mælast vel fyrir hjá félagsmönnum. Kostnaður við hana var 950 kr. en tekjur af auglýsingum var 60 kr. Eitt fréttablað verður einnig gefið

út í ár, sem fyrst eftir aðalfund, en hann á að halda í sept. - okt. Lesendur eru hvattir til þess að vekja athygli vinnuveitenda á því, að hentugt er að auglýsa eftir meintæknum í Blaði og Fréttablaði meintækna.

Við tókum upp blaðaskipti við tvö félög á sl. ári, Gigtarfélag Íslands og Læknaritrafélag Íslands.

Við viljum enn ítreka óskir um að fá keypt nokkur cintök af 1.og 2. árgangi Blaðs meintækna. Við höfum látið ljósrita þessa árganga og verður eintakið selt á 10 kr. Síðari árgangar eru enn fáanlegir á sama verði.

Meðlimir hinna ýmsu nefnda M.T.Í. hafa flestir verið seinir til að skila greinargerðum til birtingar í Blaði meintækna og veldur það óþarsa töfum. Má vera, að nefndarmönnum sé ekki full ljós skylda sín í þessu efni.

## Skemmtinefnd

Hin árlega jólatrésskemmtun meintækna félagsins var haldin í Víkingasal Hótelss Loftleiða 2. janúar síðastliðinn. Þátttaka var allgóð, 110 börn. Stuðlatríó lék fyrir dansi og jólasveinar, grýla og jólakötturinn frá Alþýðuleikhúsinu komu í heimsókn. Fór skemmtunin hið besta fram. Börnin fengu ís og kók að gæða sér á og sælgætispoka í nesti.

## Munið að

tilkynna breytt heimilisfang,  
símanúmer og vinnustað til  
skrifstofu félagsins.

Sími: 27970.

# Félagsfundurinn

Félagsfundur var haldinn 26. mars sl. í BSSRB-húsinu. Vel var mætt, 67 félagar. Martha Hjálmarsdóttir var fundarstjóri.

## Kynnt greinargerð menntunarnefndar.

Bergljót Halldórsdóttir gerði grein fyrir störfum menntunarnefndar (sjá nefndarstörf). Hún lagði fram drög að breytingum á námi meinatækna og fara þau hér á eftir:

### 1. ár, 9 mánuðir:

Allt, sem nú er kennt á fyrsta ári, að viðbættu terminologíu og aukinni efnasfræði (biokemi).

### 2. ár, 9 mánuðir:

Sept - des.: verklegt nám á rannsóknastofum í meinefnafræði, blóðmeinafræði og sýklafræði.

Jan. - maí: Allt, sem þegar er bóklegt á 2. ári að viðbættu: spítalasiðfræði, sjúkdómafræði, sálarfræði, tölvufræði og blóðbanki 2 vikur. Grunnur skal lagður að histologíu, serologíu, virologíu, cytologíu og physiologíu. Sú undirstaða verði það góð, að meinatækni þursi u.p.b. 3 máan. til að ganga inn í þessar aukagreinar að námi loknu.

### 3. ár, 9 mánuðir:

Verklegt nám á rannsóknastofum spítalanna í 9 máán. Þessir 9 máán. skiptast niður á þrjár fyrrnefndar greinar.

Á eftir fylgdu fjörlagar umræður, virtust allir vera ánægðir með störf menntunarnefndar og einhugur ríkja um niðurstöður hennar.

Mikið var rætt um það hvort flytja bæri

meinatæknanámið úr Tækniskólanum í Háskólan. Slíkur flutningur myndi opna leiðir til framhaldsnáms, sem ekki eru fyrir hendi nú. Meinatæknanámið hefur ekki verið metið til einginga á háskólastigi, þó svo að kennrar hafi fengið laun háskólkennara.

Jóhanna Jónasdóttir skýrði frá því að 1972 hefði látið nærri að námið yrði flutt í Háskólan. Menntamálaráðuneytið hafði þá falið Þorvaldi V. Guðmundssyni, lækni, að gera könnun á náminu. Hann var ragur við að flytja námið í Háskólan. Það varð til þess að málínus var frestað. Ráðuneytið skipaði síðan nefnd til þess að fjalla um þessi mál. Hún dagaði uppi. Í þann tíð var forseti læknadeilda slíkum flutningi meinatæknanámsins ekki afhuga, en sá meinbugur var helstur þar á að enginn meinatækni halði kennsluréttindi á háskólastigi þá fremur en nú.

Jóhanna kastaði fram þeirri hugmynd að styrkja mætti meinatækni til náms erlendis, er veitti slík réttindi.

Í framhaldi af þessu var vikið lítillega að kjaramálunum. Guðrún Árnadóttir taldi að flutningur námsins í Háskólan myndi litlu breyta þar um, en að endurmenntun væri nauðsynleg og að leggja bæri niður laun nema. Störfum myndi þá fjölga. Hún óskaði eftir því að menntunarnefndin starfaði áfram og að Stefana B. Gylfadóttir yrði fulltrúi stjórnar í nefndinni. Var það samþykkt.

Bergljót Halldórsdóttir lagði til að við

skrifuðum háskólaráði bréf til þess að kanna, hvort það kærði sig um að fá meinatæknanámið inn í háskólann. Bréfinu skyldi fylgja rökstuðningur syrir slíkum flutningi. Var það samþykkt.

Guðrún Árnadóttir las upp tillögu stjórnar til ályktunar og var hún samþykkt. Hún var svohljóðandi:

*Félagsfundur í Meinaðaknafélagi Íslands, skorar á mennta- og heilbrigðisýfirvöld, að taka nú þegar til gagngerðarar endurskoðunar menntun meinaðakna.*

*Við endurskoðunina sé þess sérstaklega gætt, að menntun meinaðakna verði við það miðuð, að nýjungar á svíði rannsóknarvísinda verði kynntar, á skipulögðum endurmenntunarnámskeiðum (Tækniðóla Íslands verði falið að skipuleggja og annast um framkvæmd þeirra.) Ennfremur leggur fundurinn til að námsskrá um frummenntun meinaðakna verði breytt og nemum eingöngu falið að vinna að skipulögðum rannsóknarverkefnum, sem markvisst eru við það miðuð að bæta menntun og starfshæfni stéttarinnar. Með þessu telja meinaðaknar að menntun þeirra verði stórlega bætt og hætt verði að líta á nema sem ódýran vinnukraft, er til þessa hefur dregið úr gæðum námsins.*

Fundurinn felur stjórn félagsins að kynna heilbrigðis- og menntamálaráðherra sjónarmið félagsins og móta ítarlegri stefnu um framkvæmd ályktunar hans.

## Kosning í uppstillinganeftnd.

Í uppstillinganeftnd til stjórnar voru kjörnar: Eygló Bjarnardóttir, Margrét Andrésdóttir og Kristín Sigurgeirs dóttir.

## Norðurlandamót

Guðrún Árnadóttir skýrði frá því að auk Hrafnhildar Helgadóttur yrði einn stjórnarmeðlimur styrktur til mótsins í Røros í Noregi í sumar. Hrafnhildur verður framkvæmdastjóri norðurlandamótsins í Reykjavík 1983.

## Lög um meinaðakna.

Lög um meinaðakna frá 1980 voru til umræðu. Guðrún Árnadóttir gerði 3. grein þeirra að umtalsesfni, (sjá bls. 42). Hún taldi að greinin væri í andstöðu við það markmið laganna að vernda starfsréttindi meinaðakna. Í máli hennar kom fram að frá sl. áramótum hafa 10 umsóknir um staðbundið starfsréttindi borist stjórn MTÍ til umsagnar. Tvær þeirra fengu jákvæða umsókn en hinar neikvæða. Umsóknirnar hafa enn ekki fengið afgreiðslu í ráðuneytinu. Guðrún taldi að meinaðaknar gætu ekki unað öðru en að fullt tillit yrði tekið til umsagna MTÍ.

Auðfundið var á fundargestum að hér er mikið hitamál á ferðinni. T.d. þótti óljóst, hvað felst í ákvæði 3. gr. um að „sýrir liggi umsögn Meinaðaknafélags Íslands“. Spurningin er, hvort ráðuneytið telur sig bundið af neikvæðri umsögn félagsins. Eins var rætt um það, hvernig hugsanlegt væri að túlka ákvæðið.

Samþykkt var einróma að senda eftirfarandi bréf til mennta- og heilbrigðismálaráðherra:

*Á félagsfundum hjá Meinaðaknafélagi Íslands, haldinn þann 26. mars 1981, var lýst yfir mikilli óánægju með 3. grein í lögum um meinaðakna nr. 99/1980.*

*Augljóst er, að með þeirri grein er mynduð leið til að mismuna umsækjendum við réttindaveitingar. Hætta er á, að alltaf hljóti einhverjur starfssleyfi, sem á engan hátt uppfylla menntunarkröfur þær er gerðar eru til meinaðakna frá Tækniðóla Íslands eða hliðstæðum skólum. Pá fæst engin trygging fyrir því, að mark sé tekið á neikvæðri umsögn stjórnar MTÍ um umsóknir er berast Heilbrigðisráðuneytinu.*

*Meinaðaknar telja sig ekki geta búið lengur við slíkar aðstæður og mælast til, að unnið verði að því hið allra fyrsta að fá þá grein fellda úr lögunum.*

St. O

# Lög um meinatækna

## FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hesur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hesur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá meinatækna-deild Tækni-skóla Íslands.

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið við-urkennt sem slíkt af heilbrigðisfyrvöldum þess lands þar sem námið er stundað. Áður en leyfið er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Meinatækna-félags Íslands og meinatæknadeilda Tækni-skóla Íslands.

3. gr

Takmarkað og/eða tímabundið starfs-leyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skylyrði 2. gr. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggi umsögn Meinatækna-félags Íslands. Slíku leyfi sylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Meinatækni ber að þekkja skyldur sínar,

viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýj-ungar, er varða starfið.

6. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á við-komandi sviði.

7. gr.

Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskjú um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli mál. Pagnarskylda helst þótt við-komandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um meinatækna gilda, að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1968 með áorðnum breyt-ingum. Reglur læknalaga gilda m.a. um svíptingu og endursengi starfsréttinda, og um refsingu vegna brota meinatækna.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1980

Vigdís Finnbogadóttir

(L.S.)

Svavar Gestsson

# Greinargerð formanns

Greinargerð þessi verður í styttra lagi þar eð hún spannar aðeins yfir tímabilið frá október 1980 til janúarloka 1981. Þá hefur og verið skýrt ítarlega frá aðalfundi M.T.Í., sem haldinn var þann 4. október síðastliðinn. Birtist það í Fréttablaði meinatækna, ásamt skýrslu gjaldkera félagsárið 1979 – 1980 og er því ekki ástæða til að tíunda þau atriði frekar hér. Þar sem ég hef minnst á Fréttablaðið, sem var nokkurs konar aukablað við Blað Meinatækna get ég ekki látið hjá líða að þakka Steinunni Oddsdóttur fyrir dugmikil störf í ritnefnd félagsins.

## Stjórnarstörf

Frá aðalfundi til janúarloka hafa verið haldnir 5 stjórnarfundir alls. Fundir fyrir áramót snerust mikið um afgreiðslu frumvarps til laga um meinatækna, sem þá lá fyrir á Alþingi. Var óskað eftir umsögn félagsins á því frumvarpi fyrir afgreiðslu þess. Í svari stjórnar kom fram, að við teldum frumvarpið fullnægjandi að undantekinni 3. grein þess. Fórum við fram á, að hún yrði felld algjörlega niður og færðum rök fyrir því.

Þarf ekki að minna meinatækna á hvernig Heilbrigðis og Tryggingamálaráðuneytið hefur hundsáð umsagnir stjórnar M.T.Í um ýmsar leyfisveitingar og veitt réttindi að eigin geðþóttu.

Því miður var ekkert tillit tekið til óska

okkar og lögin afgreidd með þeirri illræmdu 3. grein, sem við vildum seiga. Óttast ég mjög, að til átaka eigi eftir að koma milli félagsins og ráðuneytis um vafasamar réttindaumsóknir og er reyndar, því miður, farið að reyna á það. Lög þessi tóku gildi þann 29. desember 1980.

Menntunarmálin eru einnig mikið á döfnni og kallaði stjórnin tvívar á fulltrúa úr menntunarnefndinni á sinn fund til skrafs og ráðagerða. Endurskoðun á menntun meinatækna er aðalmál félagsins framundan og brýn nauðsyn að takast á við það stóra verkefni sem fyrst.

Þá hefur stjórnin farið þess á leit við Hrafnhildi Helgadóttur, Landakoti, að hún taki að sér yfirumsjón með Norðurlandamóti meinatækna, er hér verður haldið 1983 og tók hún því vel.

Fulltrúar sátu fund Samtaka Heilbrigðisstéttu. Þar fór fram stjórnarkjör og formannsskipti og endurskoðuð félagsgjöld. Núverandi formaður er Davíð Gunnarsson. Stjórnin afgreiddi einnig ýmis erindi er henni bárust og svaraði nokkrum umsagnarbeïðnum til Heilbrigðisráðuneytisins.

## Kjaramál

Eins og öllum er kunnugt voru gerðir nýir samningar í ágúst 1980 og gilda þeir til eins árs.\* Skömmu seinna hófust svo sérkjara-samningar hinna ýmsu stéttu. Út úr þeim



Núverandi stjórn M.T.Í. og varamenn: frá vinstrí: Þórdís Kristinsdóttir bréfritari, Margrét Ágústs dóttir varamaður, Anna Sigfusdóttir gjaldkeri, Guðrún Árnadóttir formaður, Stefana Gylfadóttir varamaður, Herdís Einarsdóttir fundarritari og Sigrús Karlsson varaformaður.

hrunadansi komu meinatæknar með viðurkenningu á kennslumeinatæknum. Fékkst ein slík staða á hvern kennslustað og greiðist fyrir það starf eftir 16. III.

Pann 1. janúar 1981 gengu í gildi lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í þeim er að finna ýmis ákvæði er varða öryggi og kjör meinatækna. Bendi ég sérstaklega á kafla VIII. er fjallar um hættuleg efni og vörur og kafla IX er fjallar um hvíldartíma og frídaga. Þá eru og áhugaverðir kaflar II og III er fjalla um samskipti atvinnurekanda og starfsmanna og skipun öryggisnefnda sérgreina. Eins og flesta rekur minni til, kom fram tillaga á aðalfundi félagsins þess efnis, að stjórnin skipaði nefnd til athugunar á öryggismálum meinatækna. Þessi nefnd hefur ekki enn verið skipuð þar eð stjórnin vildi bíða eftir útkomu þessara laga og sjá upp á hvað væri boðið með tilkomu þeirra.

Hvet ég alla meinatækna til að kynna sér innihald þeirra og þá sérstaklega trúnaðarmenn og yfirmenn deilda.

## Norðurlandamót og alþjóðamót

Eins og áður hefur komið fram verður næsta Norðurlandamót meinatækna haldið í Røros, Noregi dagana 3 – 6 sept. 1981. Okkur hafa borist hugmyndir af væntanlegri dagskrá og er hún birt hér í blaðinu. Þar verður jafnframt rædd sú hugmynd að norðurlandaþjóðirnar, annað hvort allar eða hluti þeirra, taki að sér að sjá um Alþjóðamótíð árið 1986.

Er æskilegt að væntanlegir þátttakendur á mótinu í Noregi tilkynni sig sem fyrst, helst fyrir 15. mars svo kanna megi í tæka tíð möguleika á hópferðaafslætti, ferðastyrk frá stofnunum og fl.

Þá má minna á, að næsta Alþjóðamót, það 15. í röðinni, verður haldið dagana 13 - 18. júní 1982 í Amsterdam. Verður þar væntanlega haldið áfram umræðu um alþjóðalög og réttindi smáþjóða innan IAMLT en þessi mál voru aðalumræðuefníð á aukafundi norðurlanda, sem undirrituð sat síðastliðið haust.

Félagar í IAMLT eru nú yfir 100.000

talsins og koma frá 37 félögum frá 33 þjóðlöndum.

Að lokum – meinatæknar, höldum vöku okkar hvað réttindi og vinnuskilyrði varðar. Stöndum saman um að bæta menntunina og koma á endurmenntun í samræmi við ýmsar aðrar heilbrigðisstéttir. Á þann hátt stöndum við bezt vörð um starfsheiti okkar og kjör og búum í haginn fyrir þá er seinna koma.

2. febrúar 1981,

Guðrún Ámadóttir

\* Aths. ritstjóra. Síðan greinin var skrifuð, hefur samingunum verið breytt og gilda þeir nú til áramóta.



*At vide hvad  
man ikke ved  
er dog en slags  
alvidenhed.*

---

## NÝIR FÉLAGAR

---

Egill P. Einarsson,  
bakt. og virol. vinnur nú á veirur. R.H.

Luku prófi frá Meinatæknadeild T.Í. haustið '80.

Aðalbjörg Jónasdóttir,

R.H. hist. og bakt. vinnur á R.H. við frumu líffræði.

Anna S. Arnþórsdóttir,

Lsp. kem. R.H. bakt. lauk prófi í hem. á Lsp. í mars, vinnur á Lsp.

Anna Hjálmarsdóttir,

Bsp. hem. og kem. lauk prófi í bakt. á R.H. í mars, er heimavinnandi.

Anna G. Sigurðardóttir,

Lsp. hem. og kem. vinnur á Lsp.

Arna A. Antonsdóttir,

Lsp. hem. og kem. vinnur á Lsp.

Björk Helgadóttir,

Bsp. hem. og kem. vinnur á Bsp.

Edda S. Óskarsdóttir,

Bsp. hem. og kem. vinnur á Lkt.

Guðriður Pórhallsdóttir,

Lsp. hem. og kem. er heimavinnandi.

Helga K. Magnúsdóttir,

Lsp. hem. R.H. bakt. nemur nú læknisfræði við H.Í..

Hlíf Ásgrímsdóttir,

Bsp. hem. og kem. vinnur á Lkt.

Jónína Jóhannnsdóttir,

Lsp. hem. og kem. vinnur á Lsp.

Kristín Á. Einarsdóttir,

Lsp. hem. og kem. vinnur á Lsp.

Kristín Halldórsdóttir,

Bsp. hem. og kem. vinnur á Bsp.

Lísabet Grímsdóttir,

Lsp. hem. R.H. bakt. lauk prófi í kem. á Lsp. í mars, vinnur á Lsp.

Stefana B. Gylfadóttir,

Bsp. hem. og kem. vinnur á Lkt.

Sigrún B. Halldórsdóttir,

Bsp. hem. og kem. vinnur á Heilsug. í Búðardal.

Sigrún Sigvaldadóttir,

Bsp. kem. R.H. bakt. lauk prófi í hem. á Bsp. í mars, vinnur á Bsp.

Steinunn Grímsdóttir,

Bsp. hem. R.H. bakt. lauk prófi í kem. á Bsp. í mars, vinnur á Bsp.

Vigdís A. Gunnlaugsdóttir,

Lsp. hem. og kem. vinnur á Lsp.



Útskrifaðir meinatæknar frá Tækni-skóla Íslands haustið 1980.

Afari röð frá v.: Lísbet Grímsdóttir, Guðríður Þórhallsdóttir, Sigrún Sigvaldadóttir, Aðalbjörg Jónasdóttir, Sigrún B. Halldórsdóttir, Stefana B. Gyllfadóttir, Vigdís A. Gunnlaugsdóttir, Steinunn Grímsdóttir, Anna G. Sigurðardóttir, Helga K. Magnúsdóttir, Björk Helgadóttir og Arna A. Antonsdóttir.

Fremri röð frá v.: Kristín Á. Einarsdóttir, Edda S. Óskarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Anna Hjálmarsdóttir, Jónína Jóhannsdóttir, Anna S. Arnþórsdóttir og Hlíð Ásgrímsdóttir.



Má ekki býða þér eitt kvarð sterkara?  
'Omööguleg takk, ég en á vakt á Lamsamum.'

# Norrænt þing í kliniskri efnafræði

---

Norrænt þing í meinefnafræði og blöðmeinafræði verður haldið í Menntaskólanum við Hamrahlíð 23. til 26 júní 1981.

Þingið er haldið á vegum Nordisk Forening í Klinisk Kemi og í þetta sinn stendur meinefna-, blöðmeina- og meinalífeðlisfraeðisfélög Íslands fyrir þinghaldinu. Þessi þing eru haldin til skiptis á Norðurlöndum annað hvert ár og er þetta þing það 18. í röðinni og það fyrsta á Íslandi. Á síðasta þingi, sem haldið var í Oslo 1979, var Dr. Eggert Ó. Jóhannsson, yfirlæknir á Borgarspítalanum, kosinn formaður Nordisk Forening í Klinisk Kemi og Björgvin Guðmundsson, lífefnafræðingur á Landakotsspítala, ritari.

Vandað er til vísindadagskrár og allir fyrirlesarar eru viðurkenndir fræðimenn á sínu svíði. Haldnir verða 8 umræðufundir (symposia) um eftirtalin efni: Bile acids, Prenatal-perinatal diagnostic, Design of Quality Control, Hemoglobins, Plasma lipoproteins, Reference values, Vitamin D Metabolism og Hormone receptors. Fjögur yfirlitserindi verða haldin um: Monitoring of Total Parenteral Nutrition, Bioluminescence, Iron Metabolism og Circulating Immune Complexes. Einnig verða haldin einstök erindi um önnur efni og auk þess verða erindi kynnt á veggspjöldum. Úrdrættir úr öllum erindunum munu birtast í fylgiriti Scandinavian Journal og Clinical and Laboratory Investigation. Flest erindin verða haldin á Norðurlandamálum en fáein á ensku.

Samhliða þinginu verður haldin yfirgrípsmikil sýning á rannsóknatækjum, rannsóknaefnum og margs konar búnaði fyrir klíniskar rannsóknastofur. Þetta verður stærsta sýning sinnar tegundar sem haldin hefur verið á Íslandi og munu um 40 fyrirtæki sýna þar vörur sínar og sum einnig vörur annarra framleiðanda. Eftirtalin fyrirtæki hafa pantad sýningarbása og verið getur að fleiri bætist í hópinn:

A., Johnson & Co,  
Austurbakki hf.  
Beckman Instruments International,  
Becton Dickinson,  
Boehringer Mannheim,  
Clinicon International,  
Coulter Electronics,  
Du Pont,  
Ekoscan  
Farmos Diagnostica,  
Flow Laboratories,  
G. Ólafsson hf,  
Greiner Electronics,  
Heto,  
Hoechst,  
Hoffmann-La-Roche Diagnostica,  
Instrumentation Laboratory  
Kabi Diagnostica,  
Karl Ásgeirsson,  
Kingo Diagnostica,  
Kjemi-Diagnostikk,  
Kone OY Instrument Division,  
Kristinsson hf,  
Merck,  
Miles Scandinavia, Ames Division,  
Nordiclab,  
Nuclear Enterprises,  
Nyegaard & Co,  
Oragon,  
Orion Diagnostica,  
Packard Instrument,  
Pharmacia Diagnostica & Pharmacia Fine Chemicals,  
Scandinavian Medical Service,  
Syva Diagnostica,  
Technicon  
Vitatron Scientific,  
Warner-Lambert Scandinavia,  
Waters Associates,  
XCO hf.

Fullyrða má að meinatæknar og fleiri fái þarna kærkomið tækifæri til að kynna sér margt það besta í tækjum og búnaði sem nú er á markaðnum.

Full þáttaka kostar \$ 225, en hægt verður að fá aðgang að einstökum erindum og sýningunni fyrir lægra verð. Farið verður fram á að sjúkra-

húsín í Reykjavík borgi aðgang að sýningunni fyrir þá meinatækna sem þar vinna.

Nánari upplýsingar gefa eftirtaldir:  
**Björgvin Guðmundsson, Lkt.,**  
**Eggert Ó. Jóhannsson, Bsp.,**

**Jóhann L. Jónasson, Lkt.,**

**Matthías Kjeld, Lsp.**

**Stefán Jónsson, Bsp.**

**Vigfús Þorsteinsson, Lsp.**

**Porvaldur Veigar Guðmundsson, Lsp.**

---

## Preliminært program for NML kongress på Røros

---

### Torsdag 3. september:

Kl. 14.00 - Delegatmøte.

### Fredag 4. september:

kl. 9.30 - 9.35	Åpning
kl. 9.35 - 10.05	Maling av PHA-respons hos T-lymlocyter ved hjelp av SCM-test. (Cancerimmunologi). „Type and screen“: En screening av antigener og antistoffer hos giver og mottaker før blodtransfusjon.
kl. 10.15 - 10.45	Kaflepause.
kl. 10.45 - 11.15	Bakgrunn og metode for bestemmelse av gallesyrer.
kl. 11.15 - 12.00	Erfaringer med automatisering av hematologiske tellinger lunsj.
kl. 12.15 - 13.00	Metode for bestemmelse av Hemoglobin A 1 hos diabetikere. „Sikkerhet i laboratoriet“. Debatt.
kl. 14.00 - 14.30	
kl. 14.30	

### Lørdag 5. september:

kl. 9.30 - 10.15	Høyopp løselig to-dimensjonal elektroforese. Nye diagnostiske muligheter
kl. 10.15 - 10.45	Bestemmelse av CK-BB med „hjemmelaget“ RIA-teknikk.
kl. 10.45 - 11.15	Kaflepause.
kl. 11.15 - 11.35	Erfaringer med centrifugalanalysator.
kl. 11.45 - 12.15	Clamydiadiagnostikk.
kl. 12.15 - 13.00	Immunperoxydase/enzymbro på histologiske preparater. lunsj.
kl. 14.00 - 14.15	Påvisning av meningokokker i blodkultur.
kl. 15.00 - 15.45	Arbeidserfaringer under primitive forhold.
kl. 16.00	Referat fra delegatmøte. Sosialt samvær.

### Søndag 6. september:

Sosialt program - felles sightseeing på Røros.

Avreise.

Vi vil på et senere tidspunkt komme med et endelig program der vi også oppgir navn på foredragsholdere.

Angående besök på laboratorier i Oslo er det lett å ordne. Hva vil dere se? Det er ikke nødvendig at aller ser det samme. Vi kan tilby:

**Statens institutt for folkehelsen:** (mikrobiologi beregnet for tilsendte prøver).

**Ullevål sykehus:** Sentrallaboratoriet (klinisk kjemi); Blodbank/inngunnehematologisk laboratorium; Mikrobiologisk lab./virologisk lab.; Patologisk lab.; Fysiokjemikerskolen; Hematologisk lab; Klinisk avdelingslaboratorium; Institutt for eksperimentell forsikning.

**Radiumhospitalet:** Klinisk kjemi og antagelig også Hydros institutt for patologi.

**Rikshospitalet:** Klinisk kjemisk laboratorium.

**Þeir meinatæknar, sem hafa áhuga, hafi samband nú þegar við Sigfús Karlsson í síma 29000-250**

# Working with the world health organization

The World Health Organization has many projects in various parts of the world where members of our profession are working in the field, in hospitals of different levels, or teaching junior workers in the developing countries.

The World Health Organization would be glad to know of technologists willing to work on these projects for long or short periods. Technologists, also, have from time to time expressed their wish to do this kind of work.

In an attempt to bring both parties


together and after consultation with the World Health Organization which approves the concept, IAMLT is inviting all interested members to complete the form overleaf and return it to the Executive Office. Suitable applicants' forms will then be directed to the relevant office of WHO.

Normally, WHO will consider only those technologists who are over 25 years of age with not less than 5 years' experience.

**Auglysing úr Med Tec International  
nr. 31, apríl 1980**

## APPLICATION to WORK WITH the WORLD HEALTH ORGANIZATION

Family name.....	Given name(s) .....	Mr/Mrs/Miss		
Nationality	Date of birth	Day      Month      Year	At Place	Country
Address for Correspondence	Telephone			
For what type(s) of work do you wish to be considered? .....				
Periods of employment you would accept	<input type="checkbox"/> Indefinite	<input type="checkbox"/> Long-term( one year or more	<input type="checkbox"/> Short-term (less than one year)	
<b>Education,</b> Give full details in chronological order. Give the exact name of the institution and title of Degrees/certificates in English, exclude primary/secondary school if you have a university degree or equivalent. Include courses and post-graduate studies in your profession or related field.				
From Month/year	To Month/year	Institution (name, place)	Certificates degrees obtained	Main field(s) or subjects of study
Language knowledge: Mother tongue.....				
Command Languages :	English	French	German	Spanish
Present or most recent employment .....				
Exact title of your post .....				
Please cut out page and send to the Executive Director, Guy C. Pascoe, M.B.E., F.I.M.L.S., 1 Drayton Gardens, Winchmore Hill, London N21 2NT. Telephone: 01 360 5196.				



# LABORATORY PRODUCTS

**A** Austurbakki hf.  
P.O. BOX 909 - REYKJAVÍK, ICELAND

**LANCER**  
DIVISION OF SHERWOOD MEDICAL  
A BRUNSWICK COMPANY

## Pregnosticon "All-in"

2ja TÍMA próf.

Kostir þess eru:

- 30 sérpökkuð próf í glerlykjum, sem jafnframt eru notuð sem prófglöss.
- Má geyma við stofuhita.
- Jákvætt svar 8 dögum eftir að vænta mátti tíða.
- Afar greinilegur og auðveldur aflestur.

## Pregnosticon planotest

2 MÍN. próf fyrir rannsóknastofur, geymist í kæli.

Kostir:

- 20 próf í kassa.
- Stuttur próftími.
- Jákvætt svar ca. 10 dögum eftir að vænta mátti tíða.
- Auðveldur aflestur.

## Planosec

2 MÍN. próf

- 10 próf sérpökkuð í kassa.
- Planosec er nánast Pregnosticon planotest í „þurrformi“ þ.e.a.s. prófefni eru þurrkuð á pappaplötu (einnota).
- Hentugt fyrir alla þá, sem ekki hafa rannsóknnaðstöðu við hendina.
- Má geyma við stofuhita.

Allar nánari upplýsingar fúslega veittar hjá:



**LYF SF**  
UMBOÐS- & HEILDVERSLUN

---

GARÐAFLÖT 16  
GARÐABÆ  
SÍMI (91) 45511

# URICULT

LÆKNAR – MEINATÆKNAR –  
HJÚKRUNARFRÆÐINGAR!

Kynnið ykkur auðvelda og áreiðanlega aðferð til  
að ákvarða bakteríumagn í þvagi.

Objektgleri með Cled Agar á annari hliðinni og  
MacConkey Agar á hinni hliðinni er difið í nýtt þvag.

Bakteríukólóniur taldar eftir 16–18 klst.

Handhægt á öllum sjúkrahúsum, lækna- og  
rannsóknarstofum.

Uricult hefur verið notað árum saman víða um land  
með mjög góðum árangri

*Biðjið um sýnishorn og leiðbeiningar.*

UMBOÐSMENN:

## URANUS SF.

Pósthólf 646 – Reykjavík – Sími 83788




**CARL ZEISS**

 **HAUKARR HF**

Grandagarður 1B — Sími 27544

# FINNPIPETT

# LABPIPETT



1-200 µl	7.5 mm	52 mm
200-1000 µl	9.4 mm	71 mm
1000-5000 µl	11.0 mm	150 mm

## FYRIR RANNSÓKNASTOFUR:

Stillanlegar míkrópipettur  
með einnota oddum.

Einkaumboð á Íslandi:



Hafnarstræti 5, P.H. 869, 121 Reykjavík - Sími 29300



Grensásvegi 8  
Pósthólf 5151  
Símar: 84166 og 84350

Við útvegum efnavörur! prófefni!  
rannsóknarstofuáhöld og tæki

frá

Ames  
Bie & Berntsen  
Fisons  
Griffin & George  
Lars Ljungberg  
Lode's Instrumenten  
M.S.E.  
Oxoid  
Sigma


BDH-Chemicals  
Boehringer Mannheim  
Gallenkamp  
Helena Laboratories  
Linson  
Lumac  
Normschliff Gerätebau  
Radiometer  
A.H. Thomas



**Enzyme Activity Analyzers,  
UV-Vis.- Spectrophotometers,  
IR- Spectrophotometers,  
Atomic Abs. Spectrophotometers,  
Radioimmunoassay Systems,  
Electrophoresis Systems,  
Glucose/BUN Analyzers,  
Electroencephalographs,  
Cardiopulmonary Instruments,  
Flame Photometers,  
Centrifuges,  
pH-Meters,**



COULTER ELECTRONICS  
LIMITED.



**Haematology Equipment, Mixers,  
RBC/WBC Counters, Diluters,  
Haemoglobinometer, Reagents,  
Thrombocounter, Thrombofuge,**

### VIÐGERÐAR- OG VIÐHALDSPJÓNUSTA Á ÖLLUM TÆKJUM

**KARL ÁSGEIRSSON**

Rafeindatæknir

Valshólar 2  
109 Reykjavík  
91-73452

Glaswarenfabrik  
**Karl Hecht** Assistent

Glervörur

M. Schreiber+Söhne Lækningaáhöld Skurðstofuáhöld

**Heidolph**  
Rafragnstæki fyrir rannsóknarstofur

**KOTTERMANN**  
Labormöbel-Laborapparate  
Innrétingar fyrir rannsóknarstofur o.fl.

**Getum útvegað allskonar efni fyrir  
RANNSÓKNASTOFUR  
frá eftirtöldum fyrirtækjum**



**Oapi**




**DIFCO**

 **STEFÁN  
THORARENSEN HF**

Síðumúla 32 - P. O. Box 897  
121 Reykjavík - Sími 86044

# SMÁSJÁR



*Gunnar Ásgeirsson h.f.*

Suðurlandsbraut 16 - Reykjavík - Sínumefni: »Volver« - Sími 35200